

2010

**Ársskýrsla
Lögreglustjórans á
Suðurnesjum**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
1. Inngangur.....	6
2. Skipurit.....	7
3. Embættið	8
3.1 Ársáætlun árið 2010.....	8
3.2 Stefnumótun	10
3.3 Starfsmannahald	11
3.4 Fjármál.....	11
3.5 Tækja- og búnaðarmál	12
3.6 Námskeið og þjálfun.....	13
3.7 Þjónustuver	14
3.8 Starfsemi Lögreglufélags Suðurnesja	14
3.9 Almannaþing	14
4. Almenn deild.....	16
4.1 Starfsmannahald og verkefni almennrar deildar	16
4.2 Húsnæðismál almennrar deildar	16
4.3 Hverfalöggæsla.....	16
4.4 Bæjarhátíðir	17
4.5 Samstarf	18
4.6 Félagastuðningur.....	19
4.7 Umferðarmál.....	19
4.8 Forvarnir	19
4.9 Önnur verkefni lögreglu	20
4.10 Fangageymslur	21
5. Rannsókn brota	22
5.1 Almennt.....	22
5.2 Átak til að ljúka eldri málum	22
5.3. Úrbætur í geymslumálum	22
5.4. Rannsóknarfundir.....	22
5.5 Yfirheyrslubúnaður.....	22
5.6 Auðgunarbrot.....	23
5.7 Ofbeldisbrot	23
5.8 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir	24

5.9 Fíkniefni.....	25
5.10 Sáttamiðlun í opinberum málum	28
5.11 Fíkniefnahundurinn Ella	28
6. Saksókn mála og sektargerðir.....	30
6.1 Almenn.....	30
6.2 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála	30
6.3 Sektargerðir.....	31
7. Yfirlit yfir fjölda brota 2007 - 2010	32
7.1 Umferðarlagabrot	32
7.2 Fjöldi umferðarslysa	32
7.3 Sérrefsilagabrot.....	32
7.4 Haldlögð fíkniefni	33
7.5 Hegningarlagabrot	34
8. Flugstöðvardeild.....	35
8.1 Almenn.....	35
8.2 Helstu verkefni á árinu	35
8.2.1 Kanadaflugið.....	35
8.2.2 Fölsunarmál í Flugstöð Leifs Eiríkssonar	35
8.2.3 „Territorial control“ verkefnið.....	35
8.2.4 Skilríkjarannsóknir	36
8.2.5 Breyttar áherslur við frávisanir HA manna	36
8.2.6 Viðbragðsáætlanir og virkjanir	36
8.2.7 Erlent samstarf	36
8.2.8 Frontex – Landamærostofnun Evrópu.....	36
8.2.9 FADO.....	37
8.2.10 NAPIX.....	37
8.2.11 IFC.....	37
9. Landamærasjóður.....	38
10. Rekstur.....	39
Viðauki I	40
Viðauki II	42
Viðauki III.....	45
Viðauki IV.....	47

Myndayfirlit

Mynd 1. Skipurit lögreglustjórans á Suðurnesjum.	7
Mynd 2. Stefnumótunarfundur lögreglustjórans á Suðurnesjum 2010.	10
Mynd 3. Karl Hermannsson yfirlögregluþjónn kvaddur.	11
Mynd 4. Ný Santa Fe bifreið lögreglustjórans á Suðurnesjum.	12
Mynd 5. Lögreglan á leið á vettvang er vinnuvél valt á golfvellinum í Grindavík.	12
Mynd 6. Lögreglumenn á Suðurnesjum að loknu Ljósanæturhlaupi 2010.	14
Mynd 7. Lögreglan og Brunavarnir Suðurnesja í vettvangsstjórabíl á hópslysaæfingu.	14
Mynd 8. Sólseturshátíð í Sveitarfélaginu Garði.	18
Mynd 9. Lúlli löggubangsi að störfum.	20
Mynd 10. Khat plöntur voru haldlagðar á árinu.	25
Mynd 11. Amfetamínvökvi.	26
Mynd 12. Röntgenmynd af fíkniefnum innvortis.	27
Mynd 13. Sneiðmynd af fíkniefnum innvortis.	27
Mynd 14. Saurmenguð fíkniefni.	27
Mynd 15. Haldlagning fíkniefna í grömmum árið 2010.	28
Mynd 16. Afkvæmi fíkniefnahundanna Ellu og Nelsons.	28
Mynd 17. Fíkniefnahundurinn Ella og afkvæmi.	28

Töfluyfirlit

Tafla 1. Fjöldi íbúa í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum 1. janúar 2010 og 1. janúar 2011.....	8
Tafla 2. Virkjun Flugslýsaáætlunar fyrir Keflavíkurflugvöll (FFK).....	15
Tafla 3. Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2007 - 2010.....	20
Tafla 4. Fjöldi handtaka og vinstana árin 2007 - 2010.....	21
Tafla 5. Fjöldi ákæra árin 2007 - 2010.....	31
Tafla 6. Fjöldi útsendra og samþykktra sektargerða árin 2007 - 2010.....	31
Tafla 7. Fjöldi umferðarlagabrota árin 2007 - 2010.....	32
Tafla 8. Fjöldi umferðarslýsa árin 2007 - 2010.....	32
Tafla 9. Fjöldi sérrefsilagabrota 2007 - 2010.....	33
Tafla 10. Fíkniefni sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum og tollgæslan lögðu hald á í umdæminu 2008 - 2010.....	33
Tafla 11. Fjöldi hegningarlagabrota árin 2007 - 2010.....	34
Tafla 12. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum 2009 og 2010.....	39

1. Inngangur

Starfsemi embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum var blómleg á árinu 2010, ef nota má slíka lýsingu um þjónustu lögreglu. Umtalsverður árangur náðist við að fækka eldri málum og auka skilvirkni hjá embættinu, þrátt fyrir margar erfiðar rannsóknir á árinu.

Annað árið í röð var afgangur af rekstri innan ársins, ríflega 10 milljónir króna að þessu sinni, en gamall uppsafnaður halli hamlar þó starfseminni.

Kraftmikið starf var í öllum deildum embættisins, en mikill mannauður er hjá embættinu sem lýsir sér í faglegum vinnubrögðum, frumkvæði og áherslu á gott samstarf. Leitast er við að starfa eftir aðferðum þjónandi forystu sem er án vafa einn lykillinn að þeim árangri sem náðst hefur.


Stefnumótun fór fram hjá embættinu á haustdögum þar sem línur voru lagðar til framtíðar. Starfsmennirnir sammæltust um að gildi embættisins ættu að vera **fagmennska, heiðarleiki og traust**.

Í þessari ársskýrslu er leitast við að gera grein fyrir því helsta sem lögreglan fékkst við á árinu. Von okkar er sú að starfsemi lögreglustjórans á Suðurnesjum hafi verið meðal þess sem stuðlaði að bættu samfélagi á árinu.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
lögreglustjóri

2. Skipurit

Nýtt skipurit var staðfest af þáverandi dómsmálaráðherra, Rögnu M. Árnadóttur, þann 16. nóvember 2009. Engar breytingar urðu á skipuritinu á árinu 2010. Yfirstjórn er fámenn, en í henni sitja ásamt lögrelustjóra, yfirlögrelubjónn, þrjár aðstoðaryfirlögrelubjónar sem eru yfirmenn almennrar deildar, rannsóknardeildar og flugstöðvardeildar. Sú nýskipan var gerð á árinu að í stað yfirmanns lögfræðisviðs, var formanni Lögrelufélags Suðurnesja boðið að taka sæti áheyrnarfulltrúa í yfirstjórn, í þeim tilgangi að auka upplýsingaflæði og gagnsæi í stjórnun embættisins.



Mynd 1. Skipurit lögrelustjórans á Suðurnesjum.

3. Embættið

Embættið hefur þá sérstöðu að starfsemin skiptist annars vegar í hefðbundna löggæslu, þar sem markmiðið er að tryggja öryggi almennings í umdæminu og hins vegar í löggæslu á alþjóðaflugvelli, þar sem markmiðið er að tryggja löggæslu gagnvart flugfarþegum og landamæraeftirliti. Starfsemi flugvallarins hefur áhrif um allt embættið, þar sem rannsóknir á innflutningi fíkniefna eru fyrirferðarmiklar hjá embættinu, sem og mál er tengjast því að flugfarþegar villa á sér heimildir með fölsuðum skilríkjum eða skilríkjum í eigu annarra.

Á árinu 2010 hefur íbúum í embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum fækkað um 271, þ.e. úr 21.359 íbúum í 21.088 íbúa.

Tafla 1. Fjöldi íbúa í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum 1. janúar 2010 og 1. janúar 2011.

		01.01.2010	01.01.2011	Fækkað um
		Alls	Alls	
Alls	Reykjanesbær	14.091	13.971	120
	Grindavíkurbær	2.837	2.821	16
	Sandgerði	1.710	1.683	27
	Sveitarfélagið Garður	1.515	1.452	63
	Sveitarfélagið Vogar	1.206	1.161	45
		21.359	21.088	271

Um ytri landamærin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar fóru 789.875 farþegar árið 2010 sem er fjölgun um 27% frá því á fyrra ári. Heildarfjöldi farþega í flugstöðinni jókst einnig milli ára og var 1.791.143 árið 2010 sem er um 8% aukning milli ára.

Starfsstöðvar embættisins eru sjö talsins. Fjölmennasta starfsstöðin og aðsetur almennrar deildar er á Hringbraut 130 í Reykjanesbæ. Skrifstofa lögreglustjóra, rannsóknardeild, þjónustuver, tölvudeild og lögfræðisvið eru hins vegar staðsett steinsnar frá, þ.e. á Brekkustíg 39 í Reykjanesbæ. Hverfisstöð er í Grindavík og þjónar þar um 2800 manns. Hverfisstöðvar voru teknar í notkun á árinu 2009 í sveitarfélögunum Vogum, Sandgerði og Garði. Nánar verður gerð grein fyrir starfsemi hverfisstöðva í kafla 4.3 hér á eftir. Loks er lögreglustöð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en lögregla hefur aðstöðu þar á þremur stöðum og deilir hluta aðstöðunnar með tollgæslunni.

Vinnuvernd var fengin til að taka út aðstöðu starfsfólks embættisins og voru gerðar úrbætur í samræmi við skýrslu Vinnuverndar á árinu.

3.1 Ársáætlun árið 2010

Sem fyrr voru helstu markmið ársáætlunar lögreglustjórans á Suðurnesjum í meginatriðum eftirfarandi;

- að tryggja að rekstur embættisins yrði innan ramma fjárlaga
- að reksturinn yrði eins skilvirkur og mögulegt er
- að þjónusta lögreglu yrði bætt við íbúa svæðisins og við starfsemina í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Önnur markmið og mælikvarðar ársins voru;

1. að bregðast við með skipulögðum hætti og sporna gegn auðgunarbrotum – sér í lagi innbrotum. Til þess að ná þessu markmiði voru innbrot í umdæminu kortlögð, haldið úti skipulögðu óeinkenndu eftirliti og gerðar ráðstafanir til að bregðast við hraðar en verið hefur. Fjöldmörg þjófagengi voru handtekin og ákærð og má leiða að því líkum að vandinn hefði orðið mun meiri ef þessari aðferðafræði hefði ekki verið beitt. Auðgunarbrotum fækkaði um tæp átta prósent á árinu og er það viðunandi árangur en þeim hafði farið fjölgandi frá árinu á undan.¹
2. að styrkja grenndarlöggæslu og fækka eignarspjöllum. Minniháttar mál ungmenna voru sett í forgang og málum fjölgað sem fóru í sáttameðferð. Óhætt er að segja að þessi markmið hafi náðst þar sem eignarspjöllum fækkaði verulega á árinu og kraftur og mannaflí var lagður í grenndarlöggæslu.
3. að halda úti öfluglu umferðareftirliti með markvissum mælingum og bæta menningu í umferðinni í umdæminu. Fjöldi slysa í umferðinni var áþekkur frá fyrra ári en alvarlegum slysum fjölgaði. Eitt af markmiðum ársins var fræðsla um afleiðingar og kostnað vegna umferðarlagabrota og var þar höfðað til ungmenna sem voru að öðlast ökuréttindi. Slík fræðsla fór fram á forvarnardegi ungra ökumanna í 88 húsinu í Reykjanesbæ.
4. að auka öryggistilfinningu íbúa, stuðla að og styrkja nágrannavörslu. Til þess að ná þessu markmiði voru bæjarfélögin í umdæminu skoðuð sérstaklega með það að markmiði að hafa ávallt rétta og nýja tölfræði og mynd af afbrotapróun í umdæminu, brotið niður eftir sveitarfélögum. Með þessu móti var unnt að bæta viðbragðstíma lögreglu til dæmis í Grindavík.
5. að fjölga afskiptum af ungum fíkniefnaneytendum, með forvarnir og aukna áherslu á eftirfylgni að markmiði. Götueftirlit almennrar deildar var aukið og enn meiri áhersla lögð á gott samstarf við félagsmálayfirvöld. Fjöldi brota ungmenna í LÖKE speglar hvernig til tókst, en afskipti af yngri en 18 ára jukust um tæp 30% milli árána 2009 og 2010. Í rúmlega 6% mála komu fíkniefni við sögu árið 2010 en í 4% mála árið á undan.²
6. að auka samstarf við flugfélög og Keflavíkflugvöll – nú Isavia ohf., í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að óæskilegir einstaklingar komist til landsins. Góður árangur varð af þessu starfi.
7. að auka eftirlit með komu fólks sem ferðast innan Schengensvæðisins og byggja upp tengslanet með öðrum lögregluembættum. Markmiðið var að skoða a.m.k. eitt þúsund farþega í sérstöku eftirliti á árinu. Farið var af stað í sérstakt eftirlit (territorial control), en markhópurinn varð mun minni en áætluð gerði ráð fyrir. Engu að síður náðist góður árangur með aðkomu fjölmargra samstarfsaðila og skilaði átakið aukinni þekkingu sem nýtast mun við eftirlit á komandi árum.
8. að bæta skráningu á farþegum sem hafa dvalið lengur en þeim er heimilt á Schengen svæðinu og það markmið náðist.
9. að stuðla að styrkingu almannavarna með reglulegum æfingum viðbragðsaðila og fjölga lögreglumönnum sem geta tekið að sér hlutverk verkþáttastjóra. Æfingar voru ekki ýkja margar á árinu, enda fjöldmörg tilvik þar sem um raunverulegar aðgerðir var að ræða. Haldnar voru fjarskiptaæfingar og tveir lögreglumenn settir á vettvangsstjóranámskeið.

¹ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 24. mars 2011.

² Ríkislögreglustjóri: Skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, upplýsingar sóttar 24. mars 2011.

10. að bæta starfsumhverfi starfsmanna. Starfsmannasamtöl voru innleidd, úrbætur voru gerðar í samræmi við vinnuverndarskýrslu og æfingar á lögreglutökum. Ætlunin hafði verið að gera starfsánægjumælingu en það tókst ekki að þessu sinni sökum kostnaðar. Á stefnumótunarfundi var gerð óformleg starfsánægjumæling sem gaf ágætar niðurstöður, en nauðsynlegt er að fá óháðan aðila til að framkvæma slíka mælingu.

Að gerð ársáætlunarinnar komu allir hjá embættinu sem hafa mannaforráð og/eða grenndarlöggæslu með höndum. Að öllu virtu virðast flest markmið ársins hafa náðst.

Sérstaklega má nefna frábæran árangur við að vinna niður fjölda eldri rannsóknarmála, þar sem allir rannsakarar og lögfræðisvið unnu þrekvirki. Haldnir voru fundir á tveggja vikna fresti allt árið þar sem farið var yfir málastaðu, undir forystu aðstoðaryfirlögglupjóns rannsóknardeildar. Starfsmenn lögðu mikið á sig og er málastaða og málshraði nú ásættanlegur í allflestum málum.

3.2 Stefnumótun

Stefnumótunarfundur var haldinn hjá embættinu þann 4. nóvember 2010. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson stýrði fundinum, en Gylfi er lektor við Háskóla Íslands, með vinnumarkaðsfræði, þekkingar- og mannauðsstjórnun og stjórnun og forystu að sérsviði. Alls mættu 35 þátttakendur og unnu með spurningarnar hvað embættið væri að gera vel, hvað unnt sé að gera betur og hvað beri að leggja áherslu á í starfinu. Gerð var SVÓT greining (styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri) og loks voru valin þau gildi sem starfsmenn töldu embættið eiga að standa fyrir.



Mynd 2. Stefnumótunarfundur lögreglustjórans á Suðurnesjum 2010.

Margt afar áhugavert kom í ljós á þessum stefnumótunarfundi og verða niðurstöðurnar nýttar í framhaldinu til að bæta starfseminu. Helstu styrkleikar embættisins voru taldir vera mannauður, samvinna, fagmennska og sérþekking. Helstu veikleikar voru taldir vera niðurskurður fjárheimilda, að starfsemin væri á mörgum stöðum, mannekla, húsnæðismál og óöryggi í starfi. Helstu ógnanir voru að sama skapi taldar vera skertar fjárheimildir eða niðurskurður, fáir starfsmenn, áhrif kreppunnar, harðara ofbeldi og erlendir glæpahópar. Helstu tækifærin voru talin vera aukning á þekkingu, aukin verkefni eða hlutverk og mannauður.

Starfsmenn völdu gildi vinnustaðarins á þessum fundi og urðu fyrir valinu eftirfarandi gildi: **Fagmennska, Heiðarleiki og Traust**, sem speglar þá menningu sem starfsmenn embættisins vilja að ríki á vinnustaðnum og í þeirri þjónustu sem þeir veita. Loks var vinnustaðnum gefin einkunn og var meðaltal svaranna 7,75 sem verður að teljast viðunandi árangur.

3.3 Starfsmannahald

Starfsmenn embættisins voru um 95 talsins á árinu 2010. Ársverk lögreglumanna voru svipuð á milli ára eða 82,5 en fækkun varð á skrifstofu sem nam um 1,5 ársverki og þau voru því 12,5. Sjö starfsmenn létu af störfum á árinu en einungis var ráðið í þrjár stöður vegna krafna um aukinn sparnað.

Kynjahlutfall í starfslíði lögreglu var svipað og árið á undan eða 10 konur og um 73 karlmenn. Það gerir hlutfall kvenna um 12% og hlutfall karla um 88%. Hjá öðrum starfsmönnum en lögreglumönnum var hlutfall kvenna mun hærra eða um 77%, það er 10 af 13 starfsmönnum.

Langtímaveikindi hjá embættinu voru veruleg eða sem nemur um 55 mánaðarlaunum auk yfirvinnu og álags. Þetta er mikil aukning frá fyrra ári en þá voru langtímaveikindi sem námu 35 mánuðum.

Meðal þeirra starfsmanna sem létu af störfum á árinu voru tveir yfirlögregluþjónar. Karl Hermannsson, yfirlögregluþjónn, hætti störfum fyrir aldurs sakir í marsmánuði. Hann átti að baki afar farsælan feril í lögreglunni, allt frá árinu 1976. Karl var yfirmaður í 24 ár, þar af aðstoðaryfirlögregluþjónn í 16 ár og yfirlögregluþjónn í 8 ár. Karli voru þökkuð hans góðu störf með eftirminnilegum hætti í marsmánuði.



Mynd 3. Karl Hermannsson yfirlögregluþjónn kvaddur.

Óskar Þórmundsson, sem einnig var skipaður yfirlögregluþjónn við embættið en hafði verið í leyfi í störfum tengdum varnarmálum um árabíl, fluttist yfir til embættis ríkislögreglustjóra um áramót. Í samræmi við skipulag og skipurit embættisins er því Gunnar Schram nú einn starfandi yfirlögregluþjónn við embættið.

Starfsmannasamtöl voru tekin upp í fyrsta sinn hjá embættinu á árinu 2010. Þetta voru fyrstu starfsmannasamtöl allflestra og samdóma álit að þetta gæti verið gagnlegur vettvangur til að skiptast á skoðunum með öðrum hætti en á venjulegum vinnudegi.

Árlegt þrekpróf lögreglumanna var haldið í maí 2010 en Lögregluskóli ríkisins sá um framkvæmd prófsins. Lögreglumenn stóðu sig vel í þrekprófunum og ríkir almenn ánægja með tilkomu þeirra.

3.4 Fjármál

Fjallað er um fjármál embættisins í kafla 10 um rekstur hér á eftir, en engu að síður þykir rétt að gera stuttlega grein fyrir stöðu fjármála hjá embættinu. Embættinu var gert að skera niður um 9,8% á árinu 2010, ofan í þær sparnaðaraðgerðir sem áður hafði verið gripið til. Þrátt fyrir það var ríflega 10,6 milljón króna afgangur af rekstrarfé embættisins vegna ársins 2010.

Það sem setur hins vegar verulegt strik í reikninginn er að vilyrði var gefið á árinu 2008 um að halli að fjárhæð ríflega 186 milljónir, yrði felldur niður ef tækist að ná jafnvægi í rekstri á árinu 2009. Á árinu 2009 varð viðsnúningur á rekstri og skilaði embættið afgangi af rekstrarfé innan ársins upp á ríflega 24,5 milljónir króna og var allt kapp lagt á að sem mest hagræði næðist til þess að hallinn félli niður. Það að hallinn félli niður ef embættið hagræddi verulega í rekstri, var hvati fyrir starfsfólk í hörðum niðurskurðaraðgerðum og því er það afar slæmt að ekki skuli staðið við gefin vilyrði af hálfu fjármálaráðuneytis. Hallinn veldur því að gerð er krafa um aukinn sparnað hjá embættinu, umfram sambærilegar stofnanir og standi hann áfram, verður svo um áráraðir.

Því ber að halda til haga að krafan um endurgreiðslu á halla sem stafar frá fyrri árum hlýtur að teljast bæði óraunhæf og ósanngjörn miðað við breytt hlutverk embættisins og nýjar aðstæður í rekstri, en tekist hefur að halda rekstrargjöldum innan fjárheimilda síðastliðin tvö ár, þrátt fyrir að embættið hafi verið rekið með halla í a.m.k. áratug þar á undan. Hallinn stendur nú í ríflega 150 milljónum króna en rúmar 35 milljónir hafa verið endurgreiddar, þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir og sparnaðarkröfu.

3.5 Tækja- og búnaðarmál

Ný lögreglubifreið var tekin í notkun á árinu, en um er að ræða Hyundai Santa Fe með öllum búnaði.

Þá var settur upp yfirheyrslubúnaður, sem tekur bæði upp hljóð og mynd, á starfsstöðvunum á Brekkustíg og Hringbraut, en með umburðarbréfi ríkislögreglustjóra dags. 11.05.2009, var ítrekað erindi umburðarbréfs frá 21.03.2007 um þá ákvörðun ríkislögreglustjóra að við hljóðritun og myndupptöku á yfirheyrslum skyldi nota búnaðinn Indico MP3 og Indico AV frá norska fyrirtækinu Indico Systems AS. Þeir lögreglustjórar sem ekki höfðu þegar fest kaup á búnaðinum voru hvattir til að gera það sem fyrst. Búnaðurinn er dýr og vegna erfiðrar fjárhagsstöðu embættisins hafði kaupunum verið slegið ítrekað á frest. Í árslok 2009 var loks ákveðið að kaupa Indico búnað, eina fasta stöð, eina færanlega stöð og hæfilegan fjölda hljóðupptökutækja.



Mynd 4. Ný Santa Fe bifreið lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Fimm nýjar stafrænar myndavélar voru keyptar á árinu til að hafa í lögreglubílum, en þar sem almenn deild rannsakar nú minniháttar brot gerir það kröfu til betri tækjabúnaðar. Loks má nefna að fest voru kaup á lasermæli, sem ætlaður er til mælinga til dæmis á vettvangi umferðarslysa.



Mynd 5. Lögreglan á leið á vettvang er vinnuvél valt á golfvælinum í Grindavík.

Á árinu 2010 tók embættið upp nýtt skjalavistunarkerfi, GoPro.net. Mikil breyting hefur orðið á embættinu frá því sem var, það er að tollgæslan og öryggisdeildin fóru frá embættinu um áramótin 2008 og 2009, auk brottfarar varnarliðsins á árinu 2006. Vegna þessara breytinga var hannaður nýr málalykill og hlaut hann samþykki Þjóðskjalasafns Íslands þann 25. október 2010. Formleg skráning í kerfið hófst í nóvember 2010.

Skotheld vesti/hnífavesti voru tekin í notkun fyrir almenna deild og fíkniefnateymi á árinu. Vestin hafa reynst vel og auka öryggi lögreglumanna til muna. Til framtíðar væri æskilegt ef lögreglumenn fengju vestin sem persónulega úthlutuðum búnaði, þar sem kostnaður er mikill við vestin, þau eru sniðin að hverjum notanda fyrir sig og mannabreytingar geta valdið töluverðum fjáruátlátum á ári hverju.

3.6 Námskeið og þjálfun

Sem fyrr var áhersla lögð á þjálfun og símenntun starfsmanna og verða helstu námskeið talin upp hér að neðan.

- Þjálfunarnámskeið var haldið í lögreglutökum í Lögregluskóla ríkisins. Tveir lögreglumenn voru sendir á námskeiðið og er ætlunin að þeir haldi framvegis utan um þjálfun lögreglutaka hjá embættinu.
- Námskeið í hljóðupptökum, yfirheyrslutækni og hljóð- og myndupptökur á yfirheyrslum. Eins og fram hefur komið voru fest kaup á nýjum yfirheyrslubúnaði og voru haldin námskeið í febrúar og október á Suðurnesjum í samstarfi við Lögregluskóla ríkisins.
- Embættið hélt áfram að senda menn á námskeið í akstri með forgangi í Lögregluskóla ríkisins. Í lok árs 2010 höfðu nánast allir lögreglumenn í almennri deild farið á slíkt námskeið, sem spannar fjóra daga.
- Nokkrir lögreglumenn fóru á námskeið í tímastjórnun sem haldið var í Lögregluskóla ríkisins í marsmánuði.
- Námskeið í lögreglukerfinu (LÖKE) var haldið í Lögregluskóla ríkisins í apríl og sóttu nokkrir lögreglumenn það námskeið.
- Námskeið í mannfjöldastjórnun var haldið á Keflavíkflugvelli í apríl. Tveir mannfjöldastjórnunarhópar eða samtals 18 menn, tóku þátt.
- Tveir lögreglumenn sóttu námskeið í vettvangsstjórnun í nóvember og eru vaktir almennu deildar nú orðnar vel menntaðar að þessu leyti.
- Tveir lögreglumenn sóttu símenntunarnámskeið varðandi lögreglubifhjól.
- Námskeið var haldið um GoPro.Net skjalastjórnunarkerfið og sóttu stjórnendur það.
- Tveir lögreglumenn sóttu fjögurra vikna rannsóknarlögreglumannsnámskeið í Lögregluskóla ríkisins á haustönn.
- Rannsóknarlögreglumaður fór á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til rannsóknardeildar norsku lögreglunnar, Krypos, um mánaðarskeið á árinu. Fyrirkomulagið var á þann veg að nefndin kostar ferðir og upphald en embættið leggur til vinnulaun.
- Stjórnendur sóttu fjölmiðlanámskeið á vegum KOM almannatengslafyrirtækis.
- Skilríkjafræðingur úr flugstöðvardeild sótti skilríkjanámskeið á sérfræðingsstigi á vegum Frontex, Landamærastofnunar Evrópu síðastliðið vor.
- Aðstoðaryfirlögregluþjónn í flugstöðvardeild sótti fimm vikna námskeið fyrir millistjórnendur sem Frontex stóð fyrir.
- Einn lögreglumaður í flugstöðvardeild sótti tveggja vikna námskeið í skilríkjafræðum.
- Einn rannsóknarlögreglumaður sótti fund um mansalsmál í St. Pétursborg í Rússlandi í febrúar. Fundurinn var haldinn á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og var sóttur af fulltrúum Norðurlandanna, auk fulltrúa frá Rússlandi og fleiri landa.

3.7 Þjónustuver

Í þjónustuveri embættisins eru helstu verkefnið meðal annars símsvörun, umsjón með sektum, boðun og birtingar, umsjón skotvopnaleyfa, skjalavistun og aðstoð við rannsóknardeild og lögfræðisvið. Opnunartíminn í þjónustuverinu er frá kl. 08.00 til 16:00.

Þjónustuverið sér um verkefnið tapað-fundið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Tapað-fundið er staðsett í kjallara flugstöðvarinnar og þangað skila sér munir sem farþegar hafa skilið eftir um borð í flugförum eða annars staðar í flugstöðinni. Opnunartími tapað-fundið er frá kl 09:00 til 13:00 virka daga og er einn starfsmaður sem sinnir verkefninu.

3.8 Starfsemi Lögreglufélags Suðurnesja

Yfirstjórn embættisins og stjórn Lögreglufélags Suðurnesja hafa lagt áherslu á mikið og gott samstarf, sem einkennst hefur að trúnaði og virðingu beggja aðila. Á tímum niðurskurðar og hagræðingar hefur embætti lögreglustjórans gengið í gegnum skipulagsbreytingar sem unnar voru í samstarfi við Lögreglufélagið, þar sem leitast var við að hafa hag og starfsöryggi starfsmanna að leiðarljósi. Eins og fram hefur komið tók fulltrúi Lögreglufélags Suðurnesja sæti í yfirstjórn embættisins á árinu 2010, með það að markmiði að auka upplýsingaflæði og tryggja gagnsæi við ákvarðanatöku eins og unnt er.



Mynd 6. Lögreglumenn á Suðurnesjum að loknu Ljósanæturhlaupi 2010.

Lögreglufélag Suðurnesja hefur haldið uppi öflugum og góðu félagslífi, hvort heldur til íþróttaiðkunar eða til eflingar starfsandans.

Lögreglustjórinn og Lögreglufélag Suðurnesja stóðu sameiginlega að sumarhátíð og jólagleði starfsmanna. Um er að ræða árvissa viðburði þar sem starfsmenn koma saman og líta upp úr amstri dagsins. Auk þess voru haldin fjögur íþróttamót þar sem keppt var í fótbolta, golfi og skotfimi. Þá hafa starfsmenn tekið þátt í Ljósanæturhlaupi á Suðurnesjunum.

Með góðu samstarfi og samstilltu átaki hefur náðst fram veruleg hagræðing þar sem aðkoma starfsmanna hefur skipt sköpum varðandi það að halda uppi góðu þjónustustigi við borgarana. Virk og fagleg þátttaka Lögreglufélags Suðurnesja hefur verið forsenda fyrir því að vel hefur til tekist við breytingar á rekstrinum.

3.9 Almannaþingir

Almannavörnum í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum er þannig háttað að tvær almannavarnanefndir eru starfandi þar, þ.e. ein fyrir Grindavík og önnur fyrir allt umdæmið utan Grindavíkur. Áður voru þrjár almannavarnanefndir í umdæminu en nefnd flugvallarins sameinaðist almannavarnanefnd Suðurnesja á síðasta ári. Almannaþingir Suðurnesja er nú sameiginleg fyrir Sandgerði, Sveitarfélagunum Garði og Vogum, Reykjanesbæ og Keflavíkurflugvöll. Tilhneigingin á landsvísu hefur verið sú að fækka nefndum og stækka þær en auka áherslu á öfluga vettvangsstjórn í hverju byggðarlagi.



Mynd 7. Lögreglan og Brunavarnir Suðurnesja í vettvangsstjórabíl á hópslysáæfingu.

Útköll vegna flugatvika voru alls 17 á árinu, þar sem flugslysaáætlun var virkjuð.

Tafla 2. Virkjun Flugslysaáætlunar fyrir Keflavíkurlugvöll (FFK).

Virkjun FFK	2008	2009	2010
Óvissustig lítið	8	8	9
Hættustig lítið	2	1	6
Hættustig stórt	2	1	2

Á rýnifundum sem haldnir voru eftir hverja virkjun flugslysaáætlunar, komu fram ýmsir þættir er viðbragðsaðilar töldu að mættu betur fara. Þannig var viðbragð í mörgum tilvikum of mikið og skorti á sveigjanleika í áætluninni til að mæta aðstæðum hverju sinni. Því var ákveðið að endurskoða flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurlugvöll og hófst sú endurskoðun á haustmánuðum 2010. Vettvangsstjórar og verkþáttarstjórar hittust reglulega vegna Flugslysaáætlunar fyrir Keflavíkurlugvöll, fóru yfir áætlunina og verkþátt hvers fyrir sig.

4. Almenn deild

4.1 Starfsmannahald og verkefni almennrar deildar

Öflugt starf var unnið í almennri deild á árinu 2010, sem endranær. Heildarverkefnafjöldi var svipaður á milli ára, þar sem bókanir voru 17.676 talsins á árinu 2009 en 17.656 talsins á árinu 2010.³ Almenn deild hefur aðkomu að langflestum málum sem upp koma í umdæminu. Þannig eru minniháttar rannsóknir unnar af almennri deild og er rannsóknarlögreglumaður starfandi á hverri vakt. Þetta hefur leitt til þess að færni lögreglumanna hefur aukist verulega við gerð frumskýrsla og hafa orðið straumhvörf með hraðari afgreiðslum minniháttar mála. Almenn deild er með tengingar umdæmisins við alla viðbragðsaðila, bæjarfélög, íþróttafélög, foreldrafélög o.fl., og kemur að undirbúningi og framkvæmd bæjarhátíða. Þegar mál koma upp í flugstöðvardeild, eru grunaðir vistaðir í fangahúsi almennrar deildar á Hringbraut. Aðalvarðstjórar í almennri deild eru jafnframt þjálfaðir sem vettvangsstjórar almannavarna og hefur sú skipan gefist afar vel. Þá heyrir hverfalöggæslumenn undir almenna deild, sem hafa afar mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu og æ ríkari áhersla er lögð á þeirra störf hjá embættinu.

Að jafnaði starfa um 44 lögreglumenn í almennri deild. Þar af eru fjórar vaktir, með um 9 menn á hverri vakt. Deildin sinnir útköllum, eftirliti hvers konar og rannsóknum minniháttar mála. Aldursdreifing er góð, þannig að bæði eru lögreglumenn með langa reynslu en einnig hátt hlutfall ungra lögreglumanna.

Kosið var um nýtt vaktkerfi almennrar deildar á árinu, en það hafði verið til reynslu í 10 mánuði. Kerfið var samþykkt, þar sem meira en 70% þeirra sem tóku þátt vildu nýja vaktkerfið.

Þann 1. nóvember 2010 voru gerðar talsverðar breytingar á uppröðun manna á vöktum, þar sem mönnum var endurraðað á vaktir eftir styrkleikum hvers og eins.

Starfsdagar voru haldnir í febrúar fyrir vaktirnar, þar sem lögð var áhersla á lögreglutök og skotæfingar.

4.2 Húsnæðismál almennrar deildar

Líkt og fram hefur komið er stærsta lögreglustöðin í umdæminu til húsa á Hringbraut 130 í Reykjanesbæ og þar er fangahús embættisins. Talsverðar endurbætur voru gerðar á fangahúsinu á árinu 2010 og var meðal annars útbúin sérstök aðstaða með sérútbúnu salerni sem notað er þegar fólk er grunað um að hafa fíkniefni innvortis. Þessi nýja aðstaða hefur komið í góðar þarfir og eru Fasteignum ríkissjóðs færðar þakkir fyrir aðstoðina við verkefnið.

4.3 Hverfalöggæsla

Áherslan á hverfislöggæslu hefur verið aukin með markvissum hætti í sveitarfélögunum á síðustu árum. Í því sambandi má nefna að á árinu 2009 voru opnaðar hverfastöðvar í Sveitarfélaginu Garði, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum og nú eru staðsettir hverfislögreglumenn í öllum minni bæjarfélögum í umdæminu. Í framhaldi af fjölgun hverfisstöðva hefur eftirlit með afbrotapróun í umdæminu verið mjög virk og gripið hefur verið til sértækra aðgerða eftir þörfum. Áhersla var lögð á mikil og góð samskipti hverfalöggæslumanna við stjórnendur sveitarfélaganna og félagsmálayfirvöld enda er markmiðið með hverfislöggæslu að auka og efla tengsl lögreglu við íbúa, félagasamtök og stofnanir ásamt því að auka þjónustu lögreglu við íbúa.

³ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 25. mars 2011.

Lögreglan fundaði með öllum bæjarstjórum og lykilstarfsmönnum allra bæjarfélaga innan umdæmisins. Þróun brota innan hvers sveitarfélags fyrir sig var skoðuð og leitað var eftir sjónarmiðum sveitarfélaganna um hvar áherslur lögreglu ættu að liggja í löggæslu innan þeirra sveitarfélags. Í dag sitja allir hverfislögreglumenn í forvarnarteymum innan bæjarfélaganna sem hefur leitt til þess að tengsl lögreglu við samfélagið allt hafa styrkst til muna.

Sérstöku átaki var hrundið af stað í Grindavík í lok sumars, þar sem áherslum lögreglu var breytt umtalsvert. Um árabíl hefur löggæslu í Grindavík verið háttað á þann veg að aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur verið á lögreglustöðinni í Grindavík á dagvinnutíma og útköllum og eftirliti hefur verið sinnt frá lögreglustöðinni í Reykjanesbæ þar sem ein lögreglubifreið sá um Grindavík og Sveitarfélagið Voga. Nokkur óánægja var meðal Grindvíkinga með þjónustu lögreglu í Grindavík sem embættið vildi skoða nánar, þar á meðal viðbragðstíma lögreglu og viðveru utan dagvinnu. Í upphafi átaksins var horft til úttektar sem framkvæmd hafði verið varðandi viðbragðstíma lögreglu ásamt þróun afbrota í bæjarfélaginu og sú skoðun sýndi að rétt væri að endurskoða löggæslumálin. Á hverri vakt er nú gerð áætlun um sérstök verkefni sem skal skoða á vaktinni og skilar aðalvarðstjóri hverrar vaktar skýrslu um viðveru, áherslu og árangur. Einnig var lagður aukinn þungi á forvarnarstarf, afbrotatölfræði var tekin saman örar en áður hafði verið og ungum og áhugasömum lögreglumönnum var falið að taka Grindavík í mjög nána skoðun, m.a. að taka á smábrotum og gera sér far um að mynda tengsl við ungmenni í bæjarfélaginu. Að mati lögreglu hefur árangurinn verið töluverður, íbúar virðast ánægðari með þjónustu lögreglu og ábendingum til lögreglu hefur farið fjölgandi. Þá fjölgaði umferðarlagabrotum gríðarlega í upphafi átaksins. Það er mat lögreglu að eftirlitið hafi reynst skilvirkara en það var áður.

Ef litið er til þróunar afbrota innan minni sveitarfélaga í umdæminu, hefur hegningarlagabrotum fækkað í öllum sveitarfélögum í umdæminu. Eignarspjöllum fækkaði einnig til muna.⁴

4.4 Bæjarhátíðir

Bæjarhátíðir voru haldnar í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum á árinu, þ.e. Ljósanótt í Reykjanesbæ, Sandgerðisdagar í Sandgerði, Fjölskyldudagurinn í Sveitarfélaginu Vogum, Sólseturshátíð í Sveitarfélaginu Garði og Sjóarinn síkati í Grindavík. Mikil vinna fer fram í tengslum við forvarnir þegar um bæjarhátíðir er að ræða og koma margir að því verkefni auk lögreglu. Nefna má björgunarsveitir, FFGÍR (foreldrar grunnskólabarna í Reykjanesbæ), félagsmálastjóra á Suðurnesjum, útideild Reykjanesbæjar og starfsfólk félagsmiðstöðva á svæðinu. Sett hafa verið upp athvörf þar sem tekið er á móti ungmennum undir 18 ára aldri, ef þau hafa neytt áfengis eða hafa áfengi í fórum sínum. Fjölmörg löggæsluverkefni fylgja bæjarhátíðum, en góður undirbúningur og samstarf allra aðila skilaði vel heppnuðum hátíðum á árinu 2010. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um hverja hátíð fyrir sig.

Ljósanótt 2010

Menningarhátíðin Ljósanótt var haldin í Reykjanesbæ fyrstu helgina í september eins og hefð er fyrir. Skipulögð dagskrá var frá fimmtudegi til sunnudags þar sem ýmiss konar menningu voru gerð skil víðsvegar um bæinn. Hápunktur hátíðarinnar var í miðbæ Reykjanesbæjar á laugardagskvöldið þar sem hin árlega flugeldasýning undir stjórn Björgunarsveitarinnar Suðurnes fór fram á Berginu. Mikill fjöldi fólks fylgdist með flugeldasýningunni, þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið hagstætt. Fjölmenn var á skemmtistöðum bæjarins fram eftir morgni og fór skemmtanálífið almennt vel fram. Lögreglan á Suðurnesjum var með aukinn viðbúnað vegna hátíðarinnar. Öryggisnefnd Ljósanætur hefur verið starfrækt frá árinu 2000 og er nefndin vettvangur skipulagningar öryggis gesta hátíðarinnar. Föstudags- og laugardags-

⁴ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 2. mars 2011.

næturvaktina var starfrækt unglingaathvarf í miðbænum og voru lögreglumenn þar að störfum ásamt fulltrúum frá félagsmálayfirvöldum. Afskipti voru höfð af 36 ungmennum og var sá yngsti 14 ára gamall. Helstu ástæður afskipta voru brot á útivistartíma, ölvun og meðferð áfengis. Það er mat lögreglunnar á Suðurnesjum að Ljósanótt 2010 hafi farið vel fram og góður bragur verið á öllu skemmtanahaldi.

Sjóarinn síkátí

Menningar- og fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkátí 2010 var haldin í Grindavík Sjómannadagshelgina líkt og undanfarin ár. Mikill fjöldi fólks var í bænum alla helgina, sem hófst fimmtudaginn 3. júní og lauk sunnudaginn 6. júní. Engin alvarleg mál voru kærð til lögreglu en fimm gistu fangahús vegna ölvunar. Í tengslum við hátíðina var rekið ungmennaathvarf í samstarfi félagsmálayfirvalda í Grindavík og lögreglunnar á Suðurnesjum. Afskipti voru með minna móti en um 10 ungmenni voru færð í athvarfið vegna ölvunar og útivistarbrota. Í heildina litið er lögreglan ánægð með allt skipulag í tengslum við hátíðina. Samstarf aðila sem komu að öryggismálum s.s. lögreglu, björgunarsveita, sjúkraliðs og starfsmanna Grindavíkurbæjar var gott eins og undanfarin ár og dagskrá með þeim hætti að hátíðin stendur vel undir nafni sem menningar- og fjölskylduhátíð. Ríflega 7.500 bílar komu til Grindavíkur á þeim tíma er hátíðin stóð yfir og er fjöldi gesta áætlaður um 19.000 manns.

Sólseturshátíð í Garði

Sólseturshátíð í Garði var haldin helgina 25. til 27. júlí 2010. Líkt og á öðrum bæjarhátíðum í umdæminu var rekið ungmennaathvarf í samstarfi félagsmálayfirvalda og lögreglu. Lögregla var með aukinn viðbúnað alla helgina vegna hátíðarinnar. Hápunktur hátíðarinnar var kvöldvaka á hátíðar-svæðinu á Garðskaga. Það var samdóma álit lögreglumanna að hátíðin hafi gengið vel fyrir sig. Lögregla vill þakka undirbúningsstjórn hátíðarinnar fyrir gott samstarf.



Mynd 8. Sólseturshátíð í Sveitarfélaginu Garði.

Sandgerðisdagar

Sandgerðisdagar voru settir þann 25. ágúst 2010 og lauk 29. ágúst. Lögreglan var með aukinn viðbúnað vegna hátíðarinnar og var starfrækt ungmennaathvarf, sem staðsett var í Fræðasetrinu í Sandgerði á föstudags- og laugardagskvöldið. Athvarfið var samstarfsverkefni lögreglu, barnaverndar Sandgerðis, verkefnisstjórnar Sandgerðisdaga og útideildar á Suðurnesjum. Lögreglan hafði eftirlit með skemmtanahaldinu frameftir nóttu bæði kvöldin og fór hátíðin vel fram.

Fjölskyldudagurinn í Sveitarfélaginu Vogum

Fjölskyldudagurinn í Sveitarfélaginu Vogum var haldinn þann 14. ágúst 2010. Dagskrá fjölskyldudagsins stóð frá morgni fram á rauða nótt og var markmið dagsins að allir meðlimir fjölskyldunnar gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Dagurinn fór vel fram og ekki var þörf á neinum afskiptum lögreglu vegna hennar.

4.5 Samstarf

- Gott samstarf var við björgunarsveitir í umdæminu á árinu, en þær gegna lykilhlutverki þegar kemur að aðstoð við íbúa umdæmisins og við almannavarnir. Fjöldi útkalla var á árinu vegna óveðurs og voru björgunarsveitir kallaðar út við virkjun flugslysaáætlunar á Keflavíkurflugvelli svo eitthvað sé nefnt.
- Eitt af hlutverkum lögreglu er að hafa með höndum eftirlit með veitingastöðum og lögð hefur verið mikil áhersla á samstarf við veitingamenn í því skyni m.a. að fækka hegningarlaga brotum, að tryggja vandaða dyravörslu og fylgjast með aldri gesta.

- Áhersla hefur verið lögð á samstarf við skólayfirvöld og fundaði lögregla meðal annars með skólastjórnendum grunnskólanna í bænum í árinu, í því skyni að skerpa á verklagi þegar atvik í skólum koma til kasta lögreglu. Þá hefur gott samstarf verið við Fjölbrotaskóla Suðurnesja, sér í lagi varðandi forvarnir og fræðslu. Undanfarin ár hefur lögreglan tekið þátt í opnum degi hjá Keili – miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Ásbrú.
- Fleiri og fleiri íbúar í sveitarfélögum umdæmisins hafa tekið höndum saman um nágrannavörslu. Kynningar hafa verið haldnar á nokkrum stöðum og var lögreglan með aðkomu að því þar sem farið var yfir tölfræði og atriði er máli geta skipt varðandi innbrot.

4.6 Félagastuðningur

Félagastuðningi fyrir lögreglumenn var beitt í nokkrum tilvikum á árinu, sér í lagi í kjölfar sorgaratburða. Það er afar mikilvægt að viðbragðsaðilar njóti þess stuðnings sem unnt er að veita, hvort sem um er að ræða viðrunar- eða úrvinnslufundi eða einstaklingsstuðning. Með því móti getur verið unnt að fyrirbyggja kulnun í starfi og aðstoða lögreglumenn við að sinna krefjandi störfum.

4.7 Umferðarmál

Eins og undanfarin ár tók embættið þátt í sérstöku umferðareftirliti sem kostað er af Vegagerðinni. Ríflega þrjár milljónir voru settar í verkefnið sem stóð frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 8. september til 7. október. Voru lögreglumenn sérstaklega ráðnir til verkefnisins. Þá má nefna að ríkislögreglustjóri ákvað að fella niður fastagjald af lögreglubifreiðum á landsbyggðinni og nam sú fjárhæð sem embættið sparaði vegna þessa um tveimur milljónum króna. Fyrir þá fjárhæð voru ráðnir sérstaklega tveir lögreglumenn til starfa í Grindavík og til að sinna umferðareftirliti.

4.8 Forvarnir

Forvarnir voru fyrirferðarmiklar í starfi lögreglunnar á Suðurnesjum á árinu 2010, sem endranær. Í upphafi árs var tekin sú ákvörðun að sparnaðarkrafa yrði ekki látin skerða forvarnir, þar sem um mikilvægt verkefni lögreglu er að ræða. Einungis verður fjallað um brot af því starfi sem unnið var á árinu hér, en vísað nánar til viðauka I hér á eftir. Lögreglan á Suðurnesjum á fulltrúa í öllum þremur forvarnateymishópnum sem starfandi eru á Suðurnesjum, þ.e. Samtaka-hópurinn í Reykjanesbæ, Vörn sem er samstarfsverkefni Sandgerðinga, Garðs og Voga og loks í forvarnateymishópi í Grindavík. Allir þessir hópar funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Jafnframt voru hverfalöggæslumenn í virku samstarfi við sveitarfélögin í tengslum við ýmis forvarnarverkefni.

Forvarnarfulltrúi lögreglunnar á Suðurnesjum tók þátt í fjölmörgum verkefnum á árinu 2010 og eru nokkur þeirra nefnd hér á eftir;

- Fræðslu í öllum leikskólum í umdæminu þar sem börnin voru m.a. frædd um hættur í umferðinni, bílbeltanotkun, gangbrautarljós og hvar megi hjóla.
- Fræðslu í öllum grunnskólum, en nokkuð misjafnt var hverjar áherslur voru hverju sinni. Í þessu sambandi má nefna hjálmanotkun, rétta notkun gangbrautarljósa, kynningu á störfum lögreglu, veggjakrot, eignarspjöll, ökuréttindi, sektir, höggþunga við árekstur, útivist, sakhæfi, ábyrga netnotkun, öruggar leiðir í skólann, hegðun í strætó, vímuefni og flugeldaforvarnir.
- Forvarnardegi Ungra ökumanna, sem haldinn var í 88 húsinu í Reykjanesbæ. Um er að ræða samstarfsverkefni lögreglu, Reykjanesbæjar, Tryggingarmiðstöðvarinnar,

Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Brunavarna Suðurnesja. Þessi dagur er haldinn tvisvar á ári fyrir ungmenni sem eru að öðlast ökuréttindi. Um 200 ungmenni koma í hvert skipti og hefur verið mikil ánægja hjá þátttakendum samkvæmt skoðanakönnunum.

- Forvarnadeginum sem haldinn er einu sinni á ári fyrir alla 9. bekkina.
- Þemadögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, þar sem störf lögreglunnar voru kynnt, rætt um ölvunarakstur og afleiðingar hans, bílbeltanotkun, ábyrga netnotkun og afleiðingar vímuefnaneyslu. Jafnframt hefur forvarna-fulltrúi verið í nánú samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja vegna dansleikja á vegum skólans.

Loks má nefna að sú nýjung var í forvarnarstarfinu á árinu 2010 að farið var á fund eldri borgara með fræðslu varðandi ökuréttindi, gildistíma og endurnýjun ökuréttinda, öryggispúða og öryggisbúnað fyrir börn, barnabílstóla, öryggisbelti, barnalæsingu í hurðum, endurskinsmerki og höggþunga við árekstur og mæltist þetta framtak vel fyrir. Eins og áður sagði er gerð nánari grein fyrir forvarnarstarfinu í viðauka I.



Mynd 9. Lúlli löggubangsi að störfum.

4.9 Önnur verkefni lögreglu

Birtingum, sektarboðum og dómsárituðum sektarboðum fjölgaði verulega á árinu 2010 frá fyrri árum og var lögreglumaður fluttur frá almennri deild í tímabundið verkefni í þjónustuveri í þrjá mánuði, til að létta á álagi vegna þessa.

Tafla 3. Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2007 - 2010.⁵

	2007	2008	2009	2010
Birtingar (ákætur, fyrirköll, dómar, afplánunarbref ofl.)	98	105	218	658
Útsend sektarboð	2.070	1.063	920	1.245
Dómsárituð sektarboð	287	210	232	301

⁵ Ríkislögreglustjóri: Skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, sótt 28. mars 2011.

4.10 Fangageymslur

Innsetningum í fangageymslur fækkaði lítillega frá fyrra ári og sama gildir um fjölda vistana.

Tafla 4. Fjöldi handtaka og vistana árin 2007 - 2010.⁶

	2008	2009	2010
Handtökur			
Fjöldi handtaka	554	465	418
Fjöldi einstaklinga	442	370	355
Vistanir			
Fjöldi vistana	364	412	354
Fjöldi einstaklinga	302	338	305

⁶ Ríkislögreglustjóri: Skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, sótt 29. mars 2011.

5. Rannsókn brota

5.1 Almenn

Mörg alvarleg og umfangsmikil mál af ýmsum toga komu til rannsóknar hjá embættinu á árinu og var oft mikið álag á rannsóknardeildum en sú starfsemi er þrjúþætt; rannsóknardeild alvarlegra mála, fíkniefnateymi og rannsóknir í almennri deild. Með skipulagsbreytingum árið 2009 var sú nýjung innleidd hjá embættinu að setja fjóra rannsóknarlögglumenn á vaktir í almennri deild og einn lögglufultrúa til að halda utan um rannsóknarstarfið og samræma það. Þessari rannsóknareiningu er ætlað að annast framhaldsrannsóknir einfaldari mála og virkja starfskrafa annarra á vöktum til aðstoðar eftir atvikum. Þessi breyting hefur sannað gildi sitt. Álaginu hefur verið dreift, einfaldari málum, sem oft varða borgarana þó miklu, er sinnt betur en áður og borgarinn fær því mun betri þjónustu. Lögglumönnum á vöktum gefst líka tækifæri til að ljúka rannsóknnum mála sem gerir starfið fjölbreyttara og meira krefjandi sem skilar sér í hæfari lögglumönnum. Rannsóknardeild alvarlegra mála og fíkniefnateymi annast umfangsmeiri og alvarlegri brotin og hefur rannsóknartími þeirra mála styst.

5.2 Átak til að ljúka eldri málum

Ráðist var í sérstakt átak til að ljúka rannsóknnum eldri mála og yfirfara opin mál í lögglukerfinu en fjöldi opinna mála hjá embættinu hafði verið óviðunandi um langt skeið. Átakið tók til allra deilda og fólst meðal annars í því að mánaðarlega var gefið út yfirlit yfir opin mál í rannsóknardeildum og lögfræðideild og vinnu markvisst beint að eldri málum. Skipulega var farið yfir opin mál í lögglukerfinu, málseiningum lokað eins og unnt var og ýtt á eftir því að starfsmenn gengju frá málum sem á þá voru skráð. Átakið hófst 1. febrúar og þá voru opin mál 2.672 talsins en um áramótin voru þau orðin 1.316. Þessi eftirlitspáttur er nauðsynlegur og honum verður sinnt áfram með markvissum hætti.

5.3 Úrbætur í geymslumálum

Þegar embættið flutti starfsemina sem verið hafði í Grænási að Brekkustíg 39 fengust loks góðar geymslur fyrir haldlagða muni og sönnunargögn. Geymslur í lögglustöðinni við Hringbraut voru í kjölfarið endurskipulagðar, ýmsum munum eytt en aðrir skráðir í nýjar geymslur á Brekkustíg. Nú eru góðar geymslur í lögglustöðvunum við Hringbraut og á Brekkustíg þar sem vel fer um munina og þeir aðgengilegir og vel skráðir, meðal annars með strikamerkjum.

5.4 Rannsóknarfundir

Lögglustjóri fól aðstoðaryfirlöggluþjóni rannsóknardeildar að efna til reglulegra funda, aðra hverja viku, með öllum aðilum sem sinna framhaldsrannsóknnum, lögfræðideild og fulltrúa frá flugstöðvardeild. Hugmyndin með fundunum var fyrst og fremst sú að þjappa hópnum saman og búa til vettvang fyrir skoðanaskipti og samræmingu rannsóknna hjá embættinu. Fyrsti rannsóknarfundurinn var haldinn 1. febrúar og alls var fundað 17 sinnum á árinu og umræðuefnið var mjög fjölbreytt. Almenn ánægja hefur verið með þennan vettvang meðal þátttakenda.

5.5 Yfirheyrslubúnaður

Eins og áður sagði var keyptur sérstakur yfirheyrslubúnaður á árinu. Búnaðurinn var settur upp í janúar 2010 og þá hófust námskeið fyrir starfsmenn allra deilda lögglunnar. Jafnframt var unnið að gerð verklagsreglna um notkun búnaðarins. Verklagsreglurnar tóku gildi þann 1. febrúar 2010 og hófst þá notkun Indico búnaðarins sem breytir talsvert vinnuferli við

yfirheyrslur. Í stað þess að rita jafnóðum niður framburð sakborninga og vitna þá fer yfirheyrslan fram í samfellu, líkt og viðtal í fjölmiðlum, en úrvinnsla samantektar um framburðinn fer síðan fram á grundvelli upptökunnar. Yfirheyrslutíminn styttist við þetta en bakvinnsla við ritun framburðarins kemur í staðinn. Fullyrða má að almennt verði yfirheyrslur betri með þessu verklagi.

5.6 Auðgunarbrot

Þjófnaðarmálum fækkaði nokkuð milli ára, en þau voru 373 á móti 405 árið 2009.⁷ Gripið var til sérstakra aðgerða til að sporna gegn þjófnum og bar það þann árangur að þjófagengi voru upprætt og einnig mátti greina fækkun þjófnaðarbrota í kjölfar þess að ákveðnir brotamenn fóru í afplánun refsidóma. Á stundum bar nokkuð á innbrotum og þjófnum í heimahús um hábjartan dag. Það sýnir vel hversu bíræfnir og skipulagðir brotamennirnir eru orðnir enda sterkar grunsemdir um að fylgst hafi verið með því í nokkrum tilvikum hvenær fólk fór að heiman. Það verður ekki of oft brýnt fyrir fólki að ganga vel frá eignum sínum.

Lögreglunni hefur oft tekist að koma upp um afbrot á grundvelli ómetanlegra upplýsinga frá borgurunum. Almennigur í umdæminu er meðvitaður um þetta og hefur sýnt mikið frumkvæði við að efla nágrannavörslu. Öflug nágrannavarsla styrkir samfélagið í baráttunni við brotamenn og eflir almennt samheldni og samkennd íbúanna. Lögreglan hvetur því til nágrannavörslu sem víðast.

5.7 Ofbeldisbrot

Mjög alvarleg ofbeldisbrot komu til rannsóknar á árinu þó líkamsárásur hafi fækkað töluvert frá árinu 2009. Ofbeldisbrotum fækkaði milli árana 2009 og 2010 um rúmlega 22%. Líkamsárásarmálum er falla undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fækkaði um rúm 12% og brot gegn 218. grein sömu laga fækkaði um rúm 40%.⁸ Það er gleðilegt að líkamsárásur fækki í umdæminu og ekki síður ánægjulegt að alvarlegum málum fækkar hlutfallslega.

Rétt er að geta þess að skráð heimilisofbeldismál voru alls 39, sem skiptast í ágreiningsmál og ofbeldismál. Ofbeldismálin eru þá jafnframt skráð sem líkamsárásir.⁹ Í verklagsreglum ríkislögreglustjóra er heimilisofbeldi skilgreint sérstaklega og tekur það til geranda og þolanda sem eru nákomnir, þ.e. skyldir eða tengdir. Til skyldra og tengdra í þessu sambandi teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi makir, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðar-fólk, börn, systkini og foreldrar eða forráðamenn.

Hér verður getið sérstaklega um þrjú mjög alvarleg og umfangsmikil ofbeldisbrot sem komu til rannsóknar.

Morð var framið í Reykjanesbæ að morgni 8. maí en þá fannst karlmaður á sextugsaldri látinn utandyra við íbúðarhús í bænum með alvarlega höfuðáverka. Grunur beindist fljótlega að rúmlega þrítugum manni og var hann handtekinn á heimili sínu og játaði síðar að hafa orðið mannum að bana. Rannsóknin var engu að síður umfangsmikil og krafðist mikils mannafla, sérstaklega í upphafi meðan vettvangsrannsókn fór fram og verið var að ná tókum á málinu. Auðvelt reyndist að kalla fjölda rannsóknarlögreglumanna til starfa fyrirvaralaust auk þess sem aðstoð kom frá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Rannsókn málsins tók rúma tvo mánuði en því var skilað til lögræðideildar þann 28. júlí. Sakborningur var dæmdur í héraðsdómi í 16 ára fangelsi.

⁷ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 28. mars 2011.

⁸ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 28. mars 2011.

⁹ Ríkislögreglustjóri: Skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, upplýsingar sóttar 14. mars 2011.

Þann 9. apríl barst lögreglu tilkynning um að verkfærakistu hefði verið stolið við bifreið framan við dagheimili í Reykjanesbæ meðan eigandinn skaust frá. Lögreglu tókst að hafa hendur í hári þjófins sem skýrði lögreglu frá því að við þjófnaðinn hefði hann verið að hlíða skipunum manna sem höfðu svipt hann frelsi sínu daginn áður, haldið honum í íbúð um nóttina þar sem hann hafði verið bundinn og keflaður og sætt misþyrmingum, pyntingum og hótunum af hálfu 5 manna. Allir mennirnir voru handteknir og tókst lögreglu að upplýsa málið meðal annars með vandaðri vettvangsrannsókn. Dómur er genginn í málinu í héraði og hlutu sakborningar refsingar allt frá sektum til 2½ árs fangelsis með hliðsjón af hlutdeild hvers og eins.

Mjög gróf líkamsárás átti sér stað í Reykjanesbæ þann 3. maí en þá voru hjón á sjötugsaldri á leið út í bifreið við heimili sitt að kvöldi til ásamt uppkominni dóttur með kornabarn. Tveir menn um tvítugt veittust þá að fólkinu, réðust að mannum með höggum og spörkum og einnig að konunum þegar þær hugðust koma mannum til aðstoðar. Fólkið hlaut allt nokkra áverka. Árásarmennirnir voru handteknir en þeir eru þekktir brotamenn. Við handtökuna bar annar þeirra öxi, hamar og hníf innanklæða. Þeir munu hafa ætlað að hitta barnabarn hjónanna til að innheimta fíkniefnaskuld. Dómur er genginn í málinu og hlutu sakborningar 2 ára og 2½ árs fangelsisrefsingu í héraðsdómi.

Fjöldi kynferðisbrota sem kom til rannsóknar var svipaður og á árið áður eða 23 mál. Brotin vörðuð hinar ýmsu greinar kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Sem fyrr var lögð mikil áhersla á að hraða rannsókn þessara mála hjá embættinu.

5.8 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir

Nokkuð var um slys í umdæminu, þar sem lögreglan var kölluð til, en fæst slysin voru þó mjög alvarleg. Hér er um að ræða umferðarslys, vinnuslys og frítímaslys. Hér á eftir verður greint stuttlega frá banaslysum í umdæminu á árinu.

Þann 18. apríl varð banaslys á fiskiskipi frá Grindavík sem var að veiðum. Einn skipverja, rúmlega þrítugur maður, flæktist í keðju við toghlera þegar trollið var sett út. Hann fór fyrir borð og í sjóinn. Lífgunartilraunir voru þegar hafnar á mannum þegar hann náðist um borð á ný en þær báru ekki árangur og var hann úrskurðaður látinn af lækni sem kom um borð með þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Tvær stúlkur létust og sú þriðja slasaðist alvarlega þann 24. apríl þegar ökumaður missti stjórn á bifreið sem ekið var norður Hringbraut í átt að Mánatorgi norðan Reykjanesbæjar. Hafnaði bifreiðin á ljósastaur skammt frá torginu og síðan utan vegar þar sem hún valt. Stúlkurnar þrjár notuðu ekki bílbelti og köstuðust út úr bifreiðinni. Ökumaðurinn var í bílbelti og slasaðist lítið. Hann var undir áhrifum áfengis. Fjórmenningarnir voru á aldrinum 18 og 19 ára.

Skráðir brunar voru 35 og þar af voru 7 stærri brunar.¹⁰ Í tveimur tilvikum var leitað eftir aðstoð frá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við eldsupptakarannsókn og einnig var leitað aðstoðar frá Brunamálastofnun vegna hugsanlegra eldsupptaka af völdum rafmagns. Mest fjárhagstjón varð í tveimur eldsvoðum í Sandgerði en þar brann atvinnuhúsnæði í báðum tilvikum.

Talsvert er um að kveikt sé í ruslagámum og má ætla að þar séu ungmenni að verki sem ekki gera sér grein fyrir hættunni sem því fylgir. Ruslagámur og innihald hans getur verið mikill eldsmatur og þegar þessir gámar standa við byggingar getur eldur hæglega borist í þær. Oft hefur mátt litlu muna að stórtjón hlytist af vegna íkveikju í ruslagámum.

¹⁰ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 28. mars 2011.

Mál sem varða skjalafals og misnotkun skjala hafa verið fyrirferðarmikil hjá embættinu um árabíl og svo var einnig nú. Alls komu 42¹¹ slík mál til afgreiðslu á árinu en langflest þeirra varða útlendinga sem fara um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og framvísa þar fölsuðum skilríkjum eða skilríkjum annarra einstaklinga. Í flestum tilvikum ætluðu sakborningar að freista þess að komast til Kanada með viðkomu á Íslandi.

Þá annaðist embættið rannsókn á málum þriggja aðila sem komu til Seyðisfjarðar með Norrænu með fölsuð skilríki.

5.9 Fíkniefni

Allt frá upphafi fíkniefnarannsókna lögreglu hér á landi í kring um 1970 hafa þessi störf lögreglu haft talsverða sérstöðu og óneitanlega oft valdið skemmtilegri umræðu um ástæður þess að rannsóknir slíkra mála skuli ekki geta fylgt almennum rannsóknarhefðum lögreglu. Helsta skýringin er mögulega sú að fíkniefnamál fylgja yfirleitt ekki hefðbundnum afbrotaravegi, og fíkniefnalögregla er oft að leita uppi afbrot sem eiga hugsanlega eftir að gerast. Þessi mál verða oftast til vegna frumkvæðisvinnu þeirra aðila sem að þeim vinna, en mjög sjaldan í gegnum hefðbundinn sakamálaraveg sem hefst með kæru eða atburði sem leiðir til rannsóknar. Því miður gerist það stundum að slík vinna skilar litlum eða engum árangri og þá er erfitt að bera hana saman við hefðbundnar rannsóknir, sem vissulega skila í flestum tilfellum afurðum og árangri. Sérstaða málaflokksins hefur verið nokkuð skýr fram á síðustu ár, en nú virðist ljóst að rannsókn á skipulagðri glæpastarfsemi virðist fylgja að mestu sömu lögmálum, enda fíkniefni oft stór liður í þeirri starfsemi.

Starfsemi fíkniefnahóps rannsóknardeildar hefur verið að mótast frá sameiningu embættanna á Suðurnesjum og sætir stöðugri endurskoðun. Hópurinn hefur þá sérstöðu að auk hefðbundinna fíkniefnamálarannsókna fer þar fram rannsókn flestra fíkniefnamála sem upp koma í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en þau eru um margt ólík öðrum fíkniefnamálum hér á landi. Rannsókn leiðir oft en ekki til sakfellingar á svonefndum „burðardýrum“, en líklegt er að í mörgum tilfellum komist þeir aðilar undan refsingu sem stóðu að glæpnum, skipulögðu hann og fjármöggnuðu. Flest verkefni sem upp koma kalla á mikið samstarf við fjölmarga aðila, s.s. tollgæsluna, fangelsisvirkni og hinar ýmsu deildir annarra lögregluliða, bæði hér á landi og erlendis.

Í ársbyrjun voru flestir starfsmanna fíkniefnahóps rannsóknardeildar ennþá að ljúka



Mynd 10. Khat plöntur voru haldlagðar á árinu.

verkefnum vegna hins svonefnda „mansalsmáls“, sem hafði veruleg áhrif á alla starfsemi embættisins og víðar. Margir fengu þar góða innsýn í rannsókn á yfirgrípsmiklu sakamáli sem sýndi kannski öðru fremur hvað lögreglan á Íslandi hefur yfir að ráða mörgum einstaklingum sem hafa óbílendi áhuga á starfinu. Á sama tíma komu upp nokkur umfangsmikil fíkniefnamál sem tengdust m.a. fíkniefna-innflutningi þar sem fíkniefni voru falin á salernum flugvéla, en rannsókn þeirra mála gaf m.a. tilefni til Akureyrarheimsóknar og samstarfs við lögreglu þar. Samkvæmt meðfylgjandi töflum um starfsemi hópsins var

málafjöldi milli árána 2009 og 2010 áþekkur, en nærri tvöfalt þyngdarmagn fíkniefna var haldlagt. Að stórum hluta til kom þar til haldlagning nokkurra kílóa af KHAT plöntum, sem voru nú í fyrsta skipti haldlagðar hér á landi, en þær fundust við leit tollvarða hjá flugfarþega í FLE og við húsleit hjá samferðamanni hans í Keflavík.

¹¹ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 28. mars 2011.

Magn haldlagðs kókaíns tvöfaldaðist en haldlagt amfetamín minnkaði. Við nánari skoðun kemur í ljós að sú breyting virðist hafa orðið að innflutningur fljótandi amfetamíns rýkur nú



Mynd 11. Amfetamínvökví.

upp, sem breytir myndinni talsvert. Þá var haldlagt nokkurt magn efnisins mefedróme, sem hafði þá nýlega verið gert ólöglegt fíkniefni, en líklega hefði innflutningur þess fram að þeim tíma ekki valdið refsíabyrgð. Í þessum málaflokki er mjög hröð þróun, og ný efni sem misnotuð eru til vímuneyslu eru stöðugt að bætast við. Einnig er mikil þróun í smyglaðferðum og með auknum alþjóðlegum samskiptum hefur þörf starfsmanna á aukinni þekkingu vaxið gífurlega. Rannsóknarvinna verður sífellt sérhæfðari og markvissari, og tæknileg úrvinnsla, s.s. úrvinnsla símagagna o.fl. verður stöðugt mikilvægari rannsóknarþáttur. Þáttur Rannsóknarstofu Háskólans í lyfja- og eitufefnafræði verður stöðugt stærri í fíkniefnamálum. Markaðurinn leitar stöðugt nýrra leiða, og sífellt berast ný efni og efnaafleiður sem þarfnast greiningar og staðsetningar innan réttarkerfisins, og þar er þáttur rannsóknarstofunnar mikilvægastur. Með tilkomu efna sem við þekkjum best í duftformi, s.s. kókaíns og amfetamíns, en birtast nú óunnin í fljótandi formi, vinnur rannsóknarstofan nú greinargerðir með útreikningum um magn efna í meðalneyslustyrkleika sem framleiða hefði mátt úr vökvanum, og þessi greinargerð er lögð til grundvallar dómsmeðferð og við ákvörðun refsingar.

Þá má einnig nefna auknar kröfur um aðra sérfræðiaðstoð, t.d. var fengin greinargerð grasfræðings vegna Khat plantnanna, og nú eru fram komnar kröfur um kyngreiningu kannabisplantna, og mjög líklega verður gerð svipuð krafa fljótlega um tegundargreiningu slíkra plantna.

Samfélagslegar kröfur og ákvarðanir stjórnvalda kalla eftir hraðari málsmeðferð hjá lögreglu auk ítarlegri og vandaðri rannsókna á sama tíma og ytri aðstæður kalla eftir aðhaldi og sparnaði í rekstri, og nokkuð ljóst að oft getur verið erfitt að viðhalda jafnvægi við slík skilyrði, sérstaklega þegar ekki er á nokkurn hátt hægt að stýra verkefnafjölda. Stöðug þróun hefur verið í þá átt að stytta gæsluvarðhaldstíma, en á árinu sátu 29 aðilar í gæsluvarðhaldi í alls 823 daga vegna mála sem deildin hafði til rannsóknar. Sem fyrr voru ferðir til og frá fangelsum og dómshúsum stór hluti verkefna hjá hópnum, en leystist vel með frábæru samstarfi við aðrar deildir lögreglu, önnur lögreglulið og fangelsisýfirvöld, auk þess sem oft reyndi á þolinmæði dómsstóla vegna seinkana og misskilnings.

Á árinu urðu tvær mjög mikilvægar breytingar í starfsemi hópsins, báðar varðandi rannsóknir mála sem tengjast innvortis flutningi fíkniefna, en embættið á Suðurnesjum hefur þá sérstöðu að slíkar rannsóknir hafa síðustu ár að mestu verið bundnar við Suðurnes vegna flugstöðvarinnar.

Fyrst ber að nefna salernisaðstöðu, sem útbúin var á lögreglustöðinni í Keflavík, og byggði á hugmyndum starfsmanna embættisins. Framkvæmdin var einföld og virkar vel og aðstöðubreytingin ótrúleg.

Þá hefur sú breyting orðið að gegnumlýsingar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru nú alfarið framkvæmdar með sneiðmyndatöku í stað röntgenmynda áður, sem þýðir mun betri myndgæði og niðurstöður berast oftast í beinu framhaldi af myndatöku. Þá hefur orðið viðbót við þessa aðgerð lögreglu á þá leið að þrívegis hafa greinst mein hjá leitarpólum við skoðunina.

Á fyrri myndinni má sjá hefðbundna röntgenmynd þar sem má sjá móta fyrir aðskotahlutum en sú síðari er unnin sneiðmynd þar sem aðskotahlutir sjást mjög greinilega.



Mynd 12. Röntgenmynd af fíkniefnum innvortis.

Við nánari athugun reyndist innihald hylkjanna orðið talsvert saursmitað, en hefði líklega ekki hindrað sölu þess og neyslu.

Fíkniefnahópur lögreglunnar á Suðurnesjum er í stöðugri mótun og líklega gott fyrir starfsemina að svo verði áfram. Verkefnaskortur virðist ekki fyrirsjáanlegur og stöðugar framfarir á öllum sviðum, svo litlar líkur eru á að svigrúm verði til annars en að viðhalda þeirri starfsemi sem í gangi er og bæta hana og efla eins og kostur er.




Mynd 13. Sneiðmynd af fíkniefnum innvortis.



Mynd 14. Saurmenguð fíkniefni.

Sjá má tölulega samantekt um haldlögð fíkniefni í viðauka II.



Mynd 15. Haldlagning fíkniefna í grömmum árið 2010.

5.10 Sáttamiðlun í opinberum málum

Á árinu 2009 voru sáttamál 12 talsins. Fyrir árið 2010 var stefnt að því að fjölga sáttamálum og tókst það ágætlega en 15 málum var lokið með sáttameðferð á árinu. Í nokkrum þessara mála var um að ræða ósakhæfa einstaklinga sem höfðu gerst brotlegir og var aðstoð lögreglu við sáttamiðlun hluti af samstarfi við barnaverndaryfirvöld. Sættir tókust með aðilum í umræddum 15 málum og er það mat þeirra aðila sem sinna sáttamiðlun hjá embættinu að þessi mál hafi heppnast mjög vel.

5.11 Fíkniefnahundurinn Ella

Hjá embættinu starfar fíkniefnahundurinn Ella, en þjálfari hennar er rannsóknar-lögreglumaður sem starfar í almennri deild. Verkefni voru 63 í heild, þar af 7 verkefni þar sem um frumkvæðisvinnu er að ræða. Skráðar markeringar voru alls 18, þar af 12 skipti þar sem efni/umbúðir/áhöld finnast og 6 skipti þar sem eingöngu er um lykt eða felustað að ræða en ekki efni.



Mynd 16. Afkvæmi fíkniefnahundanna Ellu og Nelsons.

Ella fór í fæðingarorlof á árinu, en hún var þöruð saman við fíkniefnahund tollsins. Framkvæmdin s.l. ár hefur verið á þann veg að fíkniefnahundar hafa verið keyptir erlendis frá og hafa þá hlotið ákveðna forþjálfun. Kostnaður hefur aukist verulega vegna þessa



Mynd 17. Fíkniefnahundurinn Ella og afkvæmi.

og var ákveðið að reyna ræktun tveggja sérþjálfaðra hunda í þeim tilgangi að búa til got héraendis sérstaklega ætlað til þjálfunar sem fíkniefnahundar.

6. Saksókn mála og sektargerðir

6.1 Almenn

Á lögfræðisviði embættisins eru þrjú stöðugildi lögfræðinga og eitt stöðugildi ritara. Helstu verkefni lögfræðisviðs eru:

1. Útgáfa ákæra og málflutningur í héraði í þeim sakamálum sem eru á forræði lögreglustjóra
2. Öflun rannsóknarúrskurða fyrir héraðsdómi
3. Útgáfa sektargerða
4. Leiðbeiningar og aðkoma að lögreglurannsóknum
5. Frávísunarúrskurðir á landamærum
6. Lögfræðileg álit, greinargerðir og gerð verklagsreglna
7. Samskipti við embætti ríkissaksóknara, héraðsdóm og önnur lögregluembætti
8. Þátttaka í landamærasjóði Evrópu fyrir hönd Innanríkisráðuneytisins

Árið 2010 var annasamt hjá lögfræðisviði. Á árinu fékkst dómsniðurstaða í einu umfangsmesta sakamáli sem embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hefur haft með höndum, þ.e. í hinu svokallaða „mansalsmáli“. Var það niðurstaða Héraðsdóms Reykjaness, sem staðfest var í Hæstarétti, að fimm karlmenn af erlendu bergi brotnu voru sakfelldir og dæmdir í fangelsisvist fyrir mansal.

Deildin hafði vitaskuld mikla aðkomu að stórum málum er til rannsóknar voru hjá embættinu bæði vegna rannsóknaraðgerða og lögfræðilegra leiðbeininga. Það er yfirlýst stefna embættisins að góð samvinna og samskipti séu á milli allra lögregludeilda og lögfræðisviðs. Í því sambandi er afar mikilvægt að rannsóknardeildir embættisins og lögfræðisvið eru með skrifstofuaðstöðu undir sama þaki á lögreglustöðinni á Brekkustíg.

Ljóst er að mikill tími og kostnaður felst í því fyrir embættið að málflutningur í sakamálum fer fram í Héraðsdómi Reykjaness í Hafnarfirði. Það er þó vert að minnst á að enn sem komið er fara þingfestingar sakamála íbúa Suðurnesja fram í dómssal sýslumanns að Vatnsnesvegi í Keflavík. Það er ekki bara gríðarlegur sparnaður fyrir embættið heldur þörf og nauðsynleg nærbjónusta fyrir íbúa umdæmisins. Fyrir liggur að Héraðsdómur hyggst hætta að halda úti þinghaldi í Reykjanesbæ og veldur það embætti lögreglustjóra bæði óhagræði og kostnaði.

6.2 Ákærum, málshraði og meðferð sakamála

Ákærum fjölgaði gríðarlega á árinu 2010, en mikil vinna var lögð í að afgreiða mál frá fyrri tíð, en ákærum fjölgaði úr 225 á árinu 2009 í 450 ákærum á árinu 2010.

Mikið kapp var lagt á að vinna upp áralangan uppsafnaðan málhala hjá embættinu, sbr. það sem að framan hefur verið rakið. Lögfræðideildin var þar ekki undanskilin og mikil vinna var lögð í það að klára málin og koma þeim í formlegan feril. Því má segja að um algjört metár hafi verið að ræða í útgáfum ákæra og að málastaðan sé orðin góð.

Tafla 5. Fjöldi ákæra árin 2007 - 2010¹².

	2007	2008	2009	2010
Fjöldi brota í ákæru ¹³	363	582	383	663
Fjöldi ákæra ¹⁴	219	285	225	450

6.3 Sektargerðir

Sektargerðum fjölgaði einnig töluvert á milli ára, eða úr 160 árið 2009 í 276 sektargerðir árið 2010. Samþykktum sektargerðum fjölgaði lítillega á milli ára.

Tafla 6. Fjöldi útsendra og samþykktara sektargerða árin 2007 - 2010¹⁵.

	2007	2008	2009	2010
Útsendar sektargerðir	282	216	160	276
Samþykktar sektargerðir	250	163	92	108

¹² Ríkislögreglustjóri: Skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, upplýsingar sóttar 28. mars 2011.

¹³ Ein ákæra getur falið í sér mörg mismunandi brot.

¹⁴ Fjöldi útgefina ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

¹⁵ Ríkislögreglustjóri: Skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, upplýsingar sóttar 28. mars 2011.

7. Yfirlit yfir fjölda brota 2007 - 2010

7.1 Umferðarlagabrot

Umferðarlagabrotum fækkaði töluvert milli áráanna 2009 og 2010 samkvæmt þeim tölum sem hér eru birtar. Hafa ber í huga að í fjölda umferðarlagabrota frá árinu 2007 til 2009 hefur tillit verið tekið til fjölda brota vegna stafrænna hraðamyndavéla í umdæminu en slíkt hefur ekki verið gert varðandi árið 2010. Í skýrslu ríkislögreglustjóra um sjálfvirkt umferðareftirlit kemur fram að í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum var fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu 641 talsins.¹⁶

Tafla 7. Fjöldi umferðarlagabrota árin 2007 - 2010.¹⁷

	2007	2008	2009	2010
Umferðarlagabrot alls	4.021	4.743	3.135	2.379
Of hraður akstur. Hraðamæling	1.757	2.871	1.817	717
Ölvun við akstur	181	183	130	106
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	33	245	188	142

7.2 Fjöldi umferðarslysa

Slösuðum í umferðinni í umdæminu fækkaði lítilsháttar á árinu 2010. Árið 2009 slösuðust samtals 106 á Suðurnesjum, þar af 10 alvarlega. Einn lést í umferðinni það ár. Á árinu 2010 slösuðust 98 manns, þar af 15 alvarlega og tvær ungar stúlkur létust.

Tafla 8. Fjöldi umferðarslysa árin 2007 - 2010.¹⁸

	2007	2008	2009	2010
Samtals	94	60	67	69
Banaslys	2	0	1	1
Slys með alvarlegum meiðslum	17	8	8	12
Slys með minniháttar meiðslum	75	52	58	56

7.3 Sérrefsilagabrot

Sérrefsilagabrotum fækkaði lítillega á milli ára, voru alls 418 talsins á árinu 2010.¹⁹

¹⁶ Ríkislögreglustjóri (febrúar 2011): *Sjálfvirkt umferðareftirlit. Stafrænar hraðamyndavélar 2010*

¹⁷ Fjöldi brota fyrir árið 2010 og fjöldi umferðarlagabrota alls eru sótt á tölfraeðivef ríkislögreglustjóra 28. mars 2011 en aðrar upplýsingar eru sóttar í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra skýrslur frá árunum 2007 til 2009.

¹⁸ Upplýsingar um fjölda slysa árið 2010 er sótt í ársskýrslu umferðarstofu fyrir árið 2010 en aðrar upplýsingar eru sóttar í ársskýrslu lögreglustjórans á Suðurnesjum 2009.

¹⁹ Ríkislögreglustjóri: Tölfraeðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 28. mars 2011.

Tafla 9. Fjöldi sérrefsilagabrota 2007 - 2010.²⁰

	2007	2008	2009	2010
Sérrefsilagabrot alls	680	686	451	418
Áfengislagabrot	137	128	81	81
Fíkniefnabrot	192	218	150	154

7.4 Haldlögð fíkniefni

Magn haldlagðra fíkniefna tvöfaldaðist á milli áráanna 2009 og 2010 og er gerð nánari grein fyrir tölfræði í viðauka II hér á eftir.

Tafla 10. Fíkniefni sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum og tollgæslan lögðu hald á í umdæminu 2008 - 2010.²¹

Tegund	Námar	2008			2009			2010			
		Haldl.	Gr.	Stk	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.	MI.
Kannabis	Hass	63	170		21	185		16	285		
Kannabis	Maríhúana	39	35,3		42	231		58	717		
Kannabis	Blandað	60	39,6		33	34,4		48	72,6		
Kannabis	Plöntur	3		120	11		661	30	4.809	584	
Ofskynjun	Sveppir	7	125		4	172		3	4,6		
Ofskynjun	LSD	2		73	0		0	1		1	
Ofskynjun	KHAT	0	0		0	0		2	37.085		
Örvandi	E-pillur	11		458	1		4,5	1		15.084	
Örvandi	MDMA duft							1	15,2		
Örvandi	Kókaín	11	2.882		12	2.031		16	4.409		
Örvandi	Amfetamín	63	4.380		60	20.053			3.337		
Örvandi	Amfetamín vökvi							2			1.920
Örvandi	Meth amfetamín	0		0	1		5.995	0		0	
Örvandi	Mefedrome	0	0		0	0		1	486		
Ópíum	Heróín	0	0		1	0,36		0	0		
Óþekkt	Óskilgreint	44			40			76			
Samtals		303	7.632	651	226	22.706	6.661	255	51.221	15.669	

²⁰ Fjöldi sérrefsilagabrota ásamt tölum frá 2010 eru sóttar á tölfræðivef ríkislögreglustjóra en aðrar tölur eru sóttar í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra skýrslur frá 2007 - 2009.

²¹ Upplýsingar sóttar í skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE og gögn embættisins.

7.5 Hegningarlagabrot

Hegningarlagabrotum fækkaði umtalsvert á árinu 2010 frá fyrri árum og er það mikið ánægjuefni, eins og gerð var grein fyrir í kafla um rannsóknir hér að framan.

Tafla 11. Fjöldi hegningarlagabrota árin 2007 - 2010.²²

	2007	2008	2009	2010
Hegningarlagabrot alls	849	1.022	1.101	921
Þar af:				
Auðgunarbrot	291	368	468	420
Þjófnaður - innbrot	92	137	176	178
Þjófnaður annað	173	183	239	114
Rán	1	1	3	3
Manndráp og líkamsmeiðingar alls	120	127	110	83
Þar af:				
Manndráp (211. gr.)	0	0	0	1
Líkamsárásir (217. gr.)	83	84	68	58
Líkamsárásir (218. gr.)	23	29	34	18
Kynferðisbrot alls	27	55	32	25
Eignaspjöll alls	296	278	317	242

²² Fjöldi hegningarlagabrota alls og fjöldi brota fyrir árið 2010 eru sótt á tölfræðivef ríkislögreglustjóra þann 29. mars 2011 en annað er sótt í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra skýrslur frá árinu 2007 - 2009.

8. Flugstöðvardeild

8.1 Almenn

Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar starfa 20 lögreglumenn að jafnaði yfir árið. Á mesta annatíma á sumrin færirst hluti lögregluliðsins úr almennri deild yfir í flugstöðvardeild vegna aukningar í flugi. Árið 2010 var annasamt og viðburðaríkt ár hjá flugstöðvardeild. Næturvaktir voru teknar upp í deildinni í fyrsta sinn á síðastliðnu sumri. Deildin sinnti hinum daglegu störfum landamæraeftirlitsins, svo sem vegabréfaskoðun, útgáfu áritana, framlengingu gildistíma vegabréfa, eftirliti með einkaflugi, frávisunum, frumrannsóknum mála, fingrafaratöku og ljósmyndun hælisleitenda og brotamanna. Einnig sinnti deildin lögregluaftirliti í komusál flugstöðvarinnar, almennum útköllum í og við flugstöðina, skilríkjarannsóknum og fleiri verkefnum.

Eins og áður sagði fóru 789.875 farþegar árið 2010 um ytri landamærin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en það er fjölgun um 27% frá fyrra ári. Heildarfjöldi farþega í flugstöðinni jókst einnig milli ára og var 1.791.143 árið 2010 sem er um 8% aukning frá fyrra ári.

8.2 Helstu verkefni á árinu

8.2.1 Kanadaflugið

Flugstöðvardeildin hefur allt frá árinu 2007 verið í nánú samstarfi við flugfélögin til að reyna að stemma stigu við ólöglegum farþegum frá Skandinavíu, sem millilenda á Íslandi á leið sinni til Kanada. Alls reyndu 35 einstaklingar að komast í heimildarleysi til Kanada, þ.e. fólk sem ferðaðist með fölsuð skilríki eða skilríki annarra. Af þeim voru 13 stöðvaðir á meginlandi Evrópu áður en þeir fóru um borð í flugfar á leiðis til Íslands, en 17 voru stöðvaðir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Alls tókst fimm aðilum að komast alla leið til Kanada þar sem þeir voru stöðvaðir.

8.2.2 Fölsunarmál í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Þótt flest fölsunarmál sem upp komu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2010 hafi verið tengd flugi til Kanada, varð fækkun í fjölda slíkra mála og jafnframt í heildarfjölda fölsunarmála í flugstöðinni. Árið 2010 var heildarfjöldi fölsunarmála í Flugstöð Leifs Eiríkssonar 23 mál en þau voru 30 talsins árið áður. Aukin áhersla flugstöðvardeildar á þennan málaflokk og samstarf við flugfélögin eru að öllum líkindum skýringin á þeim árangri sem náðist á árinu.

8.2.3 „Territorial control“ verkefnið

Í skýrslu starfshóps²³ var meðal annars lagt til að stofnað yrði til sérstaks eftirlits í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem nefnt var „Territorial control“ eftir fyrirmynd frá Noregi. Á haustmánuðum 2010 var sett saman teymi lögreglumanna sem vann að verkefninu á tímabilinu frá 15. október til 15. desember. Verkefnið var skilgreint sem tilraunaverkefni og hafði það að markmiði að skoða leiðir til að efla eftirlit með ferðum fólks í ólöglegum tilgangi til eða frá landinu um flugstöðina.

²³ Innanríkisráðuneytið: Skýrsla vinnuhóps um möguleika stjórnvalda til þess að efla eftirlit og viðbrögð við brotastarfsemi útlanda, kynning 27. janúar 2010. http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefing-fni/skyrslur_til_radherra/nr/7568

8.2.4 Skilríkjarannsóknir

Í 23 fölsunarmálum sem upp komu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2010 var hald lagt á samtals 43 skilríki. Til viðbótar við hin haldlögðu skilríki voru 195 skilríki tekin til nánari skoðunar í vegabréfarannsóknarstofu flugstöðvardeildarinnar. Að auki sendu önnur embætti og stofnanir vegabréfarannsóknarstofunni 13 skilríki til skoðunar og af þeim reyndust fjögur vera fölsuð. Á árinu fengu skilríkjafræðingar flugstöðvardeildarinnar 45 önnur verkefni og beiðnir frá öðrum embættum og stofnunum sem ekki tengdust beint rannsóknum grunsamlegra skilríkja.

8.2.5 Breyttar áherslur við frávísanir HA manna

Verklagi lögreglu við komu útlendra Vítisengla til landsins var breytt í ársbyrjun 2010. Áður var útlendum meðlimum Vítisengla frávísað er þeir komu saman í hópum en sú breyting varð á að Vítisenglum var frávísað þótt þeir væru einir á ferð. Þannig var sjö Vítisenglum frávísað frá landinu árið 2010. Þess má geta að frávísunin var kærð í tveimur tilvikum og mun reyna á málin fyrir dómi.

8.2.6 Viðbragðsáætlanir og virkjanir

Veruleg flugumferð fer um flugstjórnarsvæði Íslands milli Evrópu og Ameríku. Þetta leiðir af sér að oft kemur fyrir að flugvélum á þessari flugleið er snúið til Íslands í neyðartilvikum. Hvert og eitt neyðartilvik er metið með tilliti til viðbragða. Áður hefur verið fjallað um þau tilvik þar sem fluglysaaætlun fyrir Keflavíkurlflugvöll var virkjuð en einnig má nefna að 37 neyðarlendingar voru á árinu 2010 vegna veikinda, tvær vegna flugdólga og sex vegna ýmissa annarra atvika.

8.2.7 Erlent samstarf

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hefur með höndum umfangsmikið erlent samstarf, sem að mestu er sinnt af flugstöðvardeild. Hér á eftir verða talin upp helstu samstarfsverkefni ársins 2010.

8.2.8 Frontex – Landamærostofnun Evrópu

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum á sæti í stjórn Frontex, Landamærostofnunar Evrópu, fyrir Íslands hönd og hefur embættið sinnt ýmsum verkefnum á vegum stofnunarinnar. Frontex hefur í auknum mæli óskað eftir framlagi aðildarríkjanna bæði hvað varðar starfsmenn og tæki. Þessari þörf Frontex var m.a. mætt af Íslands hálfu með því að Landhelgisgæsla Íslands leigði Frontex bæði skip, flugvélar og meðfylgjandi starfsmenn. Störf Landhelgisgæslunnar í Frontex verkefnum á árinu hafa þótt fagleg og verið landi og þjóð til sóma.

Lögreglumenn flugstöðvardeildar tóku þátt í tveimur sameiginlegum verkefnum á vegum Frontex en einnig komu tveir gestalögreglumenn frá Spáni og Portúgal og störfuðu í flugstöðvardeild í þrjár vikur. Seint á árinu 2010 voru hraðsveitir Frontex (RABIT) virkjaðar í fyrsta sinn í sögu stofnunarinnar. Var það gert eftir neyðarkall frá yfirvöldum í Grikklandi vegna mikils straums ólöglegra útlendinga yfir landamærin við Tyrkland. Skilríkjafræðingur úr flugstöðvardeildinni var sendur til þátttöku í verkefninu. Hann starfaði á landamærastöðinni Kipi í Grikklandi í einn mánuð.

8.2.9 FADO

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gegnir hlutverki skráningaraðila í FADO²⁴ og hófst vinna við færslu íslenskra skilríkja inn í gagnagrunninn á haustmánuðum.

8.2.10 NAPIX

Flugstöðvardeildin skipulagði og hafði umsjón með Nordic Police Information Exchange (NAPIX) fundi sem haldinn var á Íslandi þann 23. september. Á fundinn mættu yfirmenn helstu flugvalla á Norðurlöndunum. Napix fundir hafa verið haldnir einu sinni til tvisvar á ári í allnokkur ár og verið góður og áhrifamikill grundvöllur fyrir Norðurlöndin til að koma fram með sameiginlega stefnu í ýmsum málum er tengjast öryggi í flughöfnum og landamæraeftirliti. Einn lögreglumaður flugstöðvardeildar sótti fund 10. nóvember á Arlandaflugvöll. Fundinn sóttu fulltrúar frá NAPIX flugvöllum og báru saman bækur sínar. Sérstaklega var rædd upplýsingasöfnun og greining á helstu vandamálum sem hver flugvöllur fyrir sig er að kljást við varðandi eftirlit með fólki yfir landamæri. Sjá má nánari tölfræðiupplýsingar og yfirlit yfir fundi, ráðstefnur o.fl. í viðauka III.

8.2.11 IFC

Starfsmaður úr flugstöðvardeild sótti ráðstefnu IFC (Immigration Fraud Conference), sem er ráðstefna skilríkjafræðinga, í Portúgal í septembermánuði.

²⁴ FADO (False and Authentic Documents Online) er samevrópskur gagnagrunnur sem heldur utan um upplýsingar um gild og fölsuð skilríki og skjöl er koma fram við eftirlit með útlendingum. Upplýsingar í grunninum liggja á þremur leyndarstigum.

9. Landamærasjóður

Árið 2010 varð Ísland eitt af þátttökuríkjum Landamærasjóðs Evrópu. Sjóðurinn sem hefur verið starfræktur síðan árið 2007 er liður í Schengen samstarfinu og hefur það að markmiði að taka þátt í kostnaði sem aðildarríki sjóðsins leggja út vegna breytinga sem fyrirhugaðar eru við landamæraeftirlit á ytri landamærum Schengen svæðisins.

Í kjölfar aðildar Íslands að Landamærasjóði Evrópu voru eftirtaldir aðilar tilnefndir af Dóms- og mannréttindaráðuneytinu, nú Innanríkisráðuneyti, til að gegna hlutverki vegna aðildar Íslands að sjóðnum: Innanríkisráðuneytið sem hið ábyrga yfirvald, alþjóðadeild ríkislögreglustjóra sem vottunaryfirvaldið og Ríkisendurskoðun sem endurskoðunaryfirvaldið.

Síðla árs 2010 var lögreglustjóranum á Suðurnesjum falið að taka við yfirumsjón með verkefninu hér á landi og ber embættinu að sjá til þess að staðið verði við þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur með því að gerast aðili að Landamærasjóði Evrópu.

Á árinu var lögð lokahönd á gerð áætlunar til margra ára (e. Multi Annual Programme) sem tiltók hvaða verkefni Ísland hygðist ráðast í á tímabilinu 2010 til 2013. Í kjölfarið var útbúið yfirlit yfir þá aðila sem koma að verkefninu hér á landi og hvernig starfsemi sjóðsins verður háttað hér á landi (e. Management and Control Systems). Í framhaldinu voru útbúnar ársáætlanir (e. Annual Programme) vegna áranna 2010 og 2011 þar sem markmið Íslands voru nánar skilgreind fyrir hvert ár fyrir sig og reynt að varpa ljósi á þau verkefni sem Ísland hefur ráðist í á árinu 2010 og hyggst ráðast í á árinu 2011. Voru þessi verkefni unnin í samstarfi við starfsmenn Innanríkisráðuneytisins.

Þau skjöl sem send hafa verið sjóðnum bíða nú samþykktar og er von á afstöðu sjóðsins til þeirra á fyrra hluta árs 2011.

10. Rekstur

Ríflega tíu milljóna króna afgangur varð á rekstri innan ársins og fóru þær til greiðslu upp í uppsafnaðan halla embættisins frá fyrri árum.

Tafla 12. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflökkum 2009 og 2010.

		2009	2010	Breyting %
Tekjur				
	Sértekjur	-12.108.088	-19.669.396	
	Áfengisgjald			
Gjöld				
Laun				
	Dagvinna	343.872.379	343.422.194	
	Vaktaálag	89.643.364	93.148.049	
	Aukagreiðslur	27.845.566	47.595.395	
	Yfirvinna	153.585.961	138.322.476	
	Launatengd gjöld	131.624.625	149.058.639	
		746.571.895	771.546.753	
Annar rekstrarkostnaður				
	Ferðir og fundir	16.579.372	9.485.351	
	Akstur	8.062.583	4.652.537	
	Rekstrarvörur	29.860.209	17.505.680	
	Aðkeypt þjónusta	60.783.907	49.300.972	
	Húsnæði	39.640.753	33.564.442	
	Bifreiðar og vélar	46.870.586	51.923.864	
	Afskrift krafna o.fl.	2.162.843	735.290	
	Eignakaup	10.617.673	2.622.858	
		214.577.926	169.790.994	
	Gjöld alls	961.149.821	941.337.747	
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag				
		949.041.733	921.668.351	
Ríkisframlag				
		-973.600.000	-932.300.000	
Gjöld umfram tekjur				
		-24.558.267	-10.631.649	
EIGIÐ FÉ				
		161.555.802	150.924.153	

Viðauki I

Forvarnir

Hér verður fjallað um það forvarnarstarf sem lögreglan á Suðurnesjum hefur komið að á árinu en embættið hefur lagt áherslu á að upplýsa börn, ungmenni og fl. um þær hættur er leynast í umhverfinu svo og afleiðingar óæskilegrar hegðunar.

Meginhlutverk lögreglu er að halda uppi lögum og reglu og leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt ásamt því að stemma stigu við afbrotum.²⁵ Ýmsar leiðir eru mögulegar þar að lútandi og hefur embættið leitast við á undanförunum árum að halda úti öflugum forvörnum í umdæminu. Að mati lögreglunnar á Suðurnesjum eru forvarnir eitt af þeim tækjum/þáttum sem mikilvægar eru til að hafa jákvæð áhrif út í samfélagið sem skilar sér í færri brotum þegar til lengri tíma er litið.

Lögreglan á Suðurnesjum kom að ýmsum upptákum og fyrirlestrum varðandi forvarnir á árinu og má þar meðal annars nefna:

- Samstarf lögreglu við 88 húsið varðandi fræðslu nema í grunnskólum á Suðurnesjum og foreldrum þeirra um ábyrga netnotkun. Verkefnið var á vegum Samtaka-Hópsins í Reykjanesbæ sem er forvarnarteymishópur er starfar undir handleiðslu Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar.
- Fræðsla og kynning á störfum lögreglu, afleiðingum af ölvunarakstri, öryggisbeltanotkun, ábyrga netnotkun og vímuefnaneyslu á þemadögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- Fræðsla um ölvunarakstur, hraðakstur, áfengis- og tóbaksneyslu og afleiðingar þess í Fjölbrautaskóla Suðurnesja ásamt forstöðumanni 88 hússins í Reykjanesbæ.
- Í samstarfi við Umferðarstofu fór forvarnarfulltrúi embættisins í alla grunnskóla í umdæminu með fræðslu um þær hættur sem geta leynst í umferðinni og hvernig beri að varast þær ásamt ýmsum mikilvægum upplýsingum sem ungir vegfarendur þurfa að hafa í huga.
- Lúlli löggubangsi fór á stjá og heimsótti nokkra leikskóla í umdæminu, upplýsti börnin um þær hættur sem beri að varast í umferðinni ásamt því að taka lagið við gítarundirleik forvarnarfulltrúa.
- Kirkjulundur safnaðarheimili Keflavíkurkirkju átti 10 ára afmæli á árinu og af því tilefni mætti lögreglan á svæðið, sýndi lögreglubifreið og gaf börnum viðurkenningarmiða á reiðhjól.
- Lögreglan fékk heimsóknir frá leikskólabörnum á árinu og við þau tækifæri voru allir krókar og kimar lögreglustöðvarinnar skoðaðir ásamt tækjum og tólum lögreglu.
- Á árinu hefur lögreglan farið í fjölmarga grunnskóla í umdæminu með fjölbreytta fræðslu fyrir börn og unglinga. Fræðslan er mismunandi eftir aldri barnanna allt frá umferðarfræðslu, hjálmnotkun og útivistarreglur fyrir yngri börnin og hegðun í almenningsvögnum, fíkniefnafræðslu, eignarspjöll, sakhæfi, ábyrga netnotkun, ökuréttindi bifreiða og bifhjóla, og ýmislegt hvað varðar hegðun og samskipti fólks fyrir eldri börnin.

²⁵ Lögreglulög, lög nr. 90/1996.

- Nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja fengu fræðslu um afleiðingar ölvunaraksturs, hraðaksturs og ýmislegt annað sem mikilvægt er að ungt fólk hafi í huga í samskiptum við annað fólk.
- Á undanförunum árum hefur lögreglan tekið þátt í forvarnardegi Ungra ökumanna í samstarfi við Reykjanesbæ, Tryggingarmiðstöðina, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Brunavarir Suðurnesja. Dagskráin er fjölbreytt og meðal annars er fjallað um umferðarslys, tryggingar, ölvunarakstur, ökuréttindamissir o.fl. Forvarnardagurinn endar á því að lögreglan og Brunavarnir Suðurnesja sviðsetja umferðarslys. Á þessum forvarnardegi ungra ökumanna mæta í kringum 90% þeirra einstaklinga er öðlast ökuréttindi á árinu eða hafa nýlega fengið ökuréttindi.
- Lögreglan átti í samstarfi við foreldrafélag grunnskóla í Reykjanesbæ FFGÍR við afhendingu á endurskinsvestum til allra barna í fyrsta bekk grunnskóla í Reykjanesbæ.
- Lögreglan á Suðurnesjum hefur einnig verið í samstarfi við Samhjálp varðandi forvarnarverkefnið „hættu áður en þú byrjar“ en verkefnið fjallar um neyslu fíkniefna og skaðsemi slíkrar neyslu.
- Forvarnardagurinn var haldinn í grunnskólum landsins fyrir alla níundu bekkina og lögreglan á Suðurnesjum tók þátt í verkefninu í nokkrum grunnskólum í umdæminu.
- Forvarnarfulltrúi lögreglunnar hélt fyrirlestur um ábyrga netnotkun, sakhæfi, útivist og fl. fyrir ungmenni í Rauðakrossdeild Suðurnesja.
- Fyrirlestur fyrir eldri borgara á Nesvöllum í Reykjanesbæ um ökuréttindi og ýmislegt er viðkemur umferðarmálum. Þess má geta að fyrirlesturinn endaði á fjöldasöng undir stjórn forvarnarfulltrúa.

Öflugt forvarnarstarf færir lögregluna nær íbúum samfélagsins, gerir lögregluna sýnilega og eflir tengsl hennar við íbúa, félagasamtök og stofnanir samfélagsins. Lögreglan kemur að mjög fjölbreyttum hópi einstaklinga á ólíkum aldri allt frá leikskólabörnum til eldri borgara. Það þýðir að umræðuefnin eru mjög mismunandi en sem dæmi þá var fjallað um: hverjir eiga götuna, hvar börn eiga að leika sér, beltanotkun, barnabílstóla, loftpúða, hvar er öruggasta og besta sætið, gangbrautarljós, bannað að henda grjóti, bannað að toga í hárið, fíkniefni, sakhæfi, ölvunarakstur, umferðarreglur o.fl.

Í dag er fulltrúi lögreglu starfandi innan fjögurra forvarnarteymishópa í umdæminu þ.e. Samtaka-Hópurinn í Reykjanesbæ, Vörn sem er skipaður aðilum frá Sveitarfélaginu Garði, Sandgerði og Sveitarfélaginu Vogum er starfa í tengslum við börn og ungmenni, forvarnarteymishópur í Grindavík og í Sveitarfélaginu Garði. Einnig hefur lögreglan komið að skemmtanahaldi á vegum nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja, NFS, bæði hvað varðar skipulag skemmtunar og fíkniefnaeftirlits en fíkniefnahundur hefur verið notaður við eftirlitið.

Eins og hér kemur fram hefur forvarnarstarf lögreglunnar á Suðurnesjum verið bæði fjölbreytt og viðamikil og án efa haft jákvæð áhrif út í samfélagið sem skilar sér vonandi í bættu samfélagi.

Viðauki II

Þessu yfirliti fylgir töluleg samantekt fyrir starfsemi fíkniefnahópsins, en hún hefur verið gerð árlega á svipuðu formi frá árinu 2007, og er því allgóð heimild um starfsemina.

Yfirlit yfir haldlagningu fíkniefna árið 2010

<u>Efni</u>	<u>Magn í gr.</u>	<u>Kynskipting grunaðra</u>	
Hass	285,00	Karlar	151
Marihuana	717,32	Konur	19
Tóbaksblandað	72,56		
Amfetamín	3337,43		
Kókaín	4408,93		
Mephedrone (Meow Meow)	485,52	Steraduft	1376,57
Sveppir	4,63		
Heróín	0,00		
MDMA	15,15		
Kannabislauf	4.809,38		
KHAT	37.084,74		
		Flugfélag:	
		FI	32
		AEU	18
Heildarmagn á árinu	51220,66 grömm		

<u>Efni í stykkjatali</u>	<u>Stk</u>	<u>FLE-Kom frá</u>	
E-pillur	15.084		
Steratöflur stk.	137	Hollandi	6
Stera ambúllur stk.	13	Danmörku	30
Kannabisplöntur	584	Annað	6
LSD	1		

Annað stykki	16	Hvar málið:	byrjaði
Heildarmagn á árinu	15.835 stykki	Lögregla	114
		Tollur	52

<u>Efni í vökvaformi</u>	Millilítrar		
Amfetamín	1920	5,98 kg*	8,12 kg**

<u>Ríkisfang:</u>		<u>Leitir:</u>	
Íslendingar	132	Húsleit	66
Aðrir	25	Leit í bifreið	61
Pólverjar	13		
	170		


Gæsluvarðhaldsfangar	29
Gæsluvarðhaldsdagar	823

<u>Röntgen á</u>	<u>3</u>
<u>árinu</u>	<u>2</u>

ATH.. Þetta er einungis skráning yfir haldlögð efni á árinu,
ekki málafjöldi eða aðra vinnu fíkniefnateymis

* 870ml af amfetamínvökva uppreiknað af HÍ í 5,98kg	5,98
**1050ml af amfetamínvökva uppreiknað af HÍ í 8,12kg	8,12
	14,1

Haldlagning fíkniefna í stykkjatali árið 2010



Viðauki III.

Tölfræði frá flugstöðvardeild

Tölfræðiupplýsingar	2008	2009	2010
Heildarfjöldi farþega um flugstöð Leifs Eiríkssonar	1.991.338	1.658.419	1.791.143
Heildarfjöldi farþega um ytri landamærin	733.736	620.367	789.897
Fjöldi útgefina áritana	33	35	33
Frávísanir á ytri landamærum	4	4	12
Frávísanir á innri landamærum	7	32	19
SIS/Interpol smellir	11	14	7
Skjalafölsunarmál	30	30	23
Fjöldi skjalrannsóknarskýrsla	50	56	37
Fjöldi hælisleitenda í FLE	23	17	12
Ítarleg skoðun á öðru sigi U (ytri landamæri)	351	330	294
Heildarfjöldi skráðar mála sem tengjast eftirliti með útlendingum	79	94	91

Fundir, ráðstefnur, námskeið, vinnuhópar og sértækar aðgerðir lögreglu er tengjast Frontex samstarfinu árið 2010 (uppfært 11.11.2010). Framlag LHG er ekki sett fram í þessu skjali.

Dags:	Nefnd/Verkefni	Staðsetning
19.01.-10.02.	Hammer 4 (Joint operation)	Helsinki
19.01.-10.02	Hammer 4 (Joint operation KEF)	Keflvíkurlflugv.
27.01.-28. 01.	All in one meeting	Varsjá
03.04.- 04.04.	26. stjórnarfundur Frontex	Madrid
23.02.	Pooled Resources Network	Madrid
22.02.-19.-03.	Hammer 5 (Joint operation)	Varsjá
15.03.-17.03	Joint return (Joint operation)	Albanía
01.-04. 03.04.	Operational Heads of Airports	Barcelona
12.04.-23.04	Detection of falsified documents	Holland
19.04-21-05.	Mid level training	5 Evrópulöndum
25.05.	European Border Guard Day	Varsjá
26.05	DCP fundur (Return unit)	Varsjá
24.06.	Fundur hjá LHG með Frontex	Reykjavík
13.09.	Fran fundur	Varsjá
26.10-27.10	NTC fundur	Varsjá
28.09.	29. stjórnarfundur Frontex	Varsjá
22.10.	Tvíhliðaviðræður	Varsjá
08.11. - 8.12.	Rabit útkall	Grikkland
12.11.	Samráðsfundur um Frontex verkefni	Keflavíkurlflugv.
24.-25. 11	30. stjórnarfundur Frontex	Brussel
08.-09. 12	Fran fundur	Ghent

Viðauki IV.

Hverfislöggæsla í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum

Á sumarmánuðum árið 2009 var í fyrsta skipti í sögu Sveitarfélagsins Voga staðsettur hverfislögreglumaður í sveitarfélaginu. Nú eru staðsettir hverfislögreglumenn í öllum minni bæjarfélögum í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum þ.e. í Sveitarfélaginu Garði á Sunnubraut 4, viðvera er frá 13:30-15:30, Grindavík á Víkurbraut 25, viðvera er frá 08:00-13:00, Sandgerði á Strandgötu 17, viðvera er frá 08:00-16:00 og Sveitarfélaginu Vogum við Hafnargötu 17, viðvera er frá 13:30-15:30.

Markmiðið með því að halda úti hverfislöggæslu í þessum minni sveitarfélögum var að auka og efla tengsl lögreglu við íbúa, félagasamtök og stofnanir ásamt því að auka þjónustu lögreglu við íbúa þessara sveitarfélaga.

Ef litið er til Sveitarfélagsins Voga þá hafa tengsl lögreglu við samfélagið aukist til muna og á árinu var komið á fót samstarfshópi er vinnur að því að samræma og samhæfa þá aðila er starfa með ungmennum í sveitarfélaginu ásamt því að auka upplýsingaflæði milli stofnana. Í hópnum eru frístunda- og menningarfulltrúi sveitarfélagsins ásamt hverfislögreglumanni og starfsmönnum grunnskólans er sjá um félags- og forvarnarmál innan skólans. Það samstarf hefur leitt til þess að starf lögreglu er viðkemur ungmennum hefur verið markvissara og vonandi áhrifaríkara og í lok ársins fór forvarnarfulltrúi lögreglunnar ásamt hverfislögreglumanni í alla bekkir grunnskólans með fyrirlestur er hentaði hverjum aldurshópi fyrir sig. Í samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja var fyrirlestur fyrir elsta stig grunnskóla um þær hættur sem fylgja meðferð skotelda.

Í Sveitarfélaginu Garði hefur á undanförunum árum þróast mikil og góð samvinna lögreglu, félagasamtaka og stofnana sveitarfélagsins. Til marks um það hefur lögregla ásamt bæjaryfirvöldum í Sveitarfélaginu Garði og Akstursíþróttafélagi Suðurnesja (AÍFS) unnið að því að finna lausn á þeim vanda er skapast hefur vegna aksturs torfærutækja í nágrenni Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðis. Nú er fyrirhugað að allir ofangreindir aðilar vinni saman að því að kynna þær reglur er gilda varðandi akstur og notkun torfærutækja.

Í febrúar árið 2009 var staðsettur hverfislögreglumaður í bæjarfélaginu. Með því hefur þjónusta og nálægð lögreglu við íbúa sveitarfélagsins aukist til muna. Eins og áður kom fram hefur nokkuð borið á akstri torfærutækja innan bæjarmarka og í námunda við Sandgerðisbæ. Til að sporna við þessum ólöglega akstri torfærutækja innan bæjarfélagsins hefur lögregla verið í góðum tengslum við bæjaryfirvöld og íbúa og ljóst er að viðvera hverfislögreglumanns hefur verið til góðs í lausn þessara mála. Er það von lögreglu að í framtíðinni muni þessi ólöglegi akstur leggjast af og færast inn á þá staði sem ætlaðir eru til torfæruaksturs.

Hegningarlagabrotum fækkaði í öllum sveitarfélögum innan umdæmisins milli árána 2009 og 2010. Í Reykjanesbæ var fækkunin rúm 13% milli árána en mest fækkun var í Sveitarfélaginu Vogum eða rúm 30%.²⁶ Nokkuð bar á innbrotum í umdæminu og minni sveitarfélögin fóru ekki varhluta af því. Nokkur fjölgun var á innbrotum í Sandgerðisbæ en fækkun varð í öðrum sveitarfélögum í umdæminu. Eignarspjöllum fækkaði til muna í öllum sveitarfélögum umdæmisins.

Í byrjun september hófst átak lögreglu í löggæslumálum í Grindavík en nokkuð hafði borið á óánægju íbúa vegna þeirra mála. Í upphafi jókst fjöldi brota en ánægja íbúa og bæjaryfirvalda

²⁶ Ríkislögreglustjóri: Tölfræðivefur ríkislögreglustjóra, sótt 2. mars 2011.

með störf lögreglu hefur aukist til muna. Samstarf lögreglu við stofnanir bæjarins hefur verið náið og allt frá árinu 1991 hefur lögreglan átt sæti í forvarnarnefnd bæjarins.

Á vegum Sveitarfélagsins Garðs, Sandgerðis og Sveitarfélagsins Voga hefur verið starfandi forvarnarnefndin Vörn en í henni eiga sæti allir hverfislögreglumenn umræddra sveitarfélaga ásamt yfirmanni félagsþjónustunnar í sveitarfélögunum, aðilum frá félagsmiðstöðvum, grunnskólum og bæjarfélögum. Seta lögreglunnar í nefndinni hefur leitt til þess að upplýsingaflæði til lögreglu varðandi málefni barna og ungmenna hefur verið mjög gott ásamt því að lögreglan hefur haft tækifæri á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi forvarnir og annað starf er viðkemur börnum og ungmennum.